

Úttekt á rannsóknum á sviði fræðslu- og menntamála

ATHUGUN 3

Þróunarverkefni í íslenskum skólum

Ingibjörg Kaldalóns
Hildur B. Svavarsdóttir
Kristín Björnsdóttir
Sesselja Snævarr
Lilja Björk Ólafsdóttir
Allyson Macdonald

Maí 2005

Unnið fyrir
Rannsóknamiðstöð Íslands og menntamálaráðuneytið
í samvinnu við Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands

ÚTTEKT Á RANNSÓKNUM Á SVIÐI FRÆÐSLU- OG MENNTAMÁLA

Úttektin er fjórar sjálfstæðar athuganir:

1. Menntarannsóknir í íslenskum háskólum
2. Stofnanatengdar menntarannsóknir
3. Þróunarverkefni í íslenskum skólum
4. Þróun fræðslumála í atvinnulífi

Auk þeirra eru samantektir á íslensku og á ensku.

Hver skýrsla og samantekt er sjálfstæður hluti og er aðgengileg á vefslóðinni:

<http://www.rannis.is/rannsoknir-menntamal>

Rannsóknamiðstöð Íslands og menntamálaráðuneytið stóðu að fjármögnun úttektarinnar.

Auk þeirra styrktu eftirtaldir aðilar úttektina:

Kennaraháskóli Íslands, Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri og Starfsafli.



ÁGRIP	139
I. INNGANGUR	141
I. 1. Vettvangurinn	
I. 2. Framkvæmd og þátttakendur	
II. HELSTU NIÐURSTÖÐUR	143
II. 1. Styrkir til þróunarverkefna	
II. 2. Kynning verkefna	
II. 3. Hvatar og hindranir í þróunarstarfi	
II. 4. Hagnýting verkefna	
III. SAMANTEKT OG ÁLITAMÁL	150
III. 1. Samanburður skólastiga	
III. 2. Álitamál	
TÖFLUR	
Tafla 1. Hlutfall starfsfólks með starfsréttindi í leik-, grunn- og framhaldsskólum	142
Tafla 2. Bakgrunnsupplýsingar um svarendur	143
Tafla 3. Bakgrunnsupplýsingar um skóla	143
Tafla 4. Synjanir styrkumsókna.	144
Tafla 5. Þróunarverkefni – rannsóknarsvið	145
Tafla 6. Hvatar að nýbreytni- og þróunarverkefnum.	148
Tafla 7. Hindranir við þátttöku í nýbreytni- og þróunarverkefnum.	149
MYNDIR	
Mynd 1. Vinnulag í þróunar- og nýbreytniverkefnum	145
Mynd 2. Frumkvæði að verkefnum	146
Mynd 3. Kynning þróunarverkefna innan skólans	146
Mynd 4. Kynning þróunarverkefna utan skóla	147
Mynd 5. Hvatar sem oftast var raðað í fyrsta sæti – öll skólastig.	148
Mynd 6. Hindranir sem oftast var raðað í fyrsta sæti – öll skólastig	148
Mynd 7. Innleiðing verkefna á öllum skólastigum	149
FYLGISKJÖL	
A. Þróunarverkefni á leikskólastigi	155
B. Þróunarverkefni á grunnskólastigi	171
C. Þróunarverkefni á framhaldsskólastigi	187

ÁGRIP

Markmið

Að kanna hvað hvetur til nýsköpunar í skólum og atvinnulífi og tengsl nýbreytnistarfs við menntarannsóknir.

Að hvetja til umræðu um rannsóknir og nýsköpunarstarf á sviði fræðslu- og menntamála með því markmiði að efla þær.

Gagnasöfnun og greining gagna

Níu viðtöl voru tekin við styrkþega þróunarsjóðs grunnskóla, þrjú viðtöl við fjóra styrkþega þróunarsjóðs framhaldsskóla og fimm viðtöl við styrkþega á leikskólastigi. Upplýsingar eru því fengar úr skólum þar sem þróunarstarf hefur verið unnið með opinberum styrkjum.

Spurningakönnun var lögð fyrir í 18 framhaldsskólum, 29 leikskólum og 66 grunnskólum þar sem þróunarverkefni voru unnin á árunum 1998–2003.

Veiting styrkja

Mun færri styrkir voru á hvern leikskóla (1,3) en framhaldsskóla (8). Fjöldi styrkja til verkefna í skólum á framhaldsskólastigi var allt frá einum og upp í 24 á umræddu tímabili, en í leikskólum á bilinu einn til þrjú. Fjöldi styrkja á hvern grunnskóla var að meðaltali 2,5 eða allt frá einum styrk og upp í 15 styrki til þess skóla sem flesta styrki hafði fengið.

Ríflega helmingur grunnskóla hefur sótt um styrki en verið synjað. Um 30% svarenda á leikskólastigi sögðust hafa fengið synjun og 15 af 18 framhaldsskólum hafði sömuleiðis verið neitað um styrk. Þannig höfðu skólar bæði á leik- og framhaldsskólastigi fengið að meðaltali 5 synjanir, en grunnskólar að meðaltali 2,3 synjanir. Stór hluti svarenda í framhaldsskólum og grunnskólum (61%) hafði unnið að þróunarverkefnum sem höfðu ekki verið styrkt og nánast allir svarendur í leikskólum.

Samvinna

Athyglisvert var að í leikskólum var mikill meirihluti verkefna (75%) unninn í einhverju samstarfi. Í framhaldsskólum var annað upp á teningnum. Þar var minna um samvinnu milli skóla (8%), jafnvel þótt verkefni ættu að leiða til breytinga eða nýbreytni sem gengi yfir flestalla framhaldsskóla. Á framhaldsskólastiginu var hins vegar samvinna kennara innan

skóla nokkur og algengt að verkefni væru unnin í samvinnu tveggja (19%) eða fleiri (36%) kennara. Í grunnskólum voru verkefni hópverkefni í meira en helmingi tilvika. Samvinna milli skóla var nokkru meiri á grunnskólastigi en framhaldsskólastigi, en minni en í leikskólum.

Rannsóknir og þróunarstarf

Um helmingur verkefna á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi er sagður byggður á fyrri rannsóknum. Á öllum skólastigum var ennfremur oftast stuðst við erlendar rannsóknir en innlendar og þótti almennt skorta hagnýtar rannsóknir fyrir skólafarfið. Tengsl við vísindasamfélagið voru einna helst til staðar ef hugmynd að verkefni kviknaði vegna framhaldsnáms viðkomandi kennara.

Kynningar

Á öllum skólastigum voru kynningar á kennara- eða starfsmannafundum algengasta kynningarform innan skólanna og í öllum skólum voru óformlegar leiðir til kynningar talsvert notaðar (t.d. með samtölum). Athygli vöktu ólíkar áherslur skólastiganna á því að kynna verkefni fyrir foreldrum. Þannig voru kynningar á foreldrafundum tiltölulega fátíðar í framhaldsskólum (11% verkefna) en algengar í leikskólum (90% verkefna) og grunnskólum (70% verkefna).

Þá virðast leikskólakennarar í meiri mæli kynna verkefni sín á ráðstefnum. Það var áberandi að fáir leikskólar birtu niðurstöður á vefsíðum miðað við hvað gert er í grunnskólum og í framhaldsskólum er birting á vefsíðu eitt mest notaða birtingarformið.

Skólastjórar höfðu frumkvæði að kynningum innan skólans í u.þ.b. helmingi tilvika á öllum skólastigum.

Hvatar

Svarendur voru beðnir að raða í mikilvægisröð nokkrum þáttum varðandi hvata til nýbreytni- og þróunarstarfs. Þá kom í ljós að eldmóður og drifkraftur einstakra kennara var oftast settur í fyrsta sæti eða í um helmingi tilvika á öllum skólastigum. Ríflega 20% svarenda settu hugsjón starfsfólks eða starfsánægju í fyrsta sætið. Um 10% svarenda settu fjárhagslegan grundvöll eða styrki í fyrsta sætið.

Ljóst er að þættir sem lúta að innra starfi skólans eru mikilvægustu þættirnir sem hvetja til þátttöku í þróunarstarfi á öllum skólastigum. Því er greinilega mikilvægt að hlúa vel að starfsmönnum, efla áhuga þeirra og metnað fyrir hönd skólans.

Athygli vekur að almennt þóttu auglýst förgangsverkefni ekki vera sérstakur hvati til þróunarstarfs.

Hindranir

Augljósustu og almennustu hindranir við þróunarstarf að mati þátttakenda voru tíma- og fjárskortur sem ekki kemur á óvart. Ekki er hægt að líta fram hjá þáttum eins og áhugaleysi, kjarasamningum og þjálfun starfsmanna þar sem þessir þættir voru í einhverjum tilvikum settir efst á lista yfir hindranir.

Hagnýting verkefna

Á öllum skólastigum voru niðurstöður þær að innleiðing verkefna væri varanleg í 60% tilvika en tíma-bundin í um 40% tilvika. Krafa um kynningar er ekki sterk, verkefnisstjórar geta að mestu ráðið því hvernig að kynningum er staðið.

Einnig ber að huga að því að ytri þættir hafa líka áhrif á hagnýtingu, s.s. námskrá og stefnumótunaraðilar, en dæmi voru um að verkefni væru fullunnin en innleiðing væri ekki á valdi einstakra skóla. Ef aukin samvinna væri milli framhaldsskóla um þróunar- og nýbreytniverkefni gæti það aukið líkur á innleiðingu og varanleika verkefna þar sem fleiri skólar yrðu þátttakendur frekar en þiggjendur. Það gæti einnig styrkt kennara í verkefnavinnunni en sumum þótti þessi vinna einmanaleg og vildu geta borið sig saman við aðra í svipuðum sporum. Skilgreindur aðgangur að fræðimönnum eða fræðilegri ráðgjöf gæti einnig styrkt þróunarstarf í skólum.

Þróunarverkefni í íslenskum skólum

Höfundar:

Ingibjörg Kaldalóns og Allyson Macdonald

Hluti af úttektinni á þróunarsjóðum var unninn í samvinnu starfsmanna Rannsóknarstofnunar Kennaraháskólans (RKHÍ) og nemenda við nám í framhaldsdeild Kennaraháskólans. Lilja Björk Ólafsdóttir leikskólastjóri var í vettvangsnámi undir umsjón Kristínar Björnsdóttur verkefnisstjóra RKHÍ þar sem þær söfnuðu gögnum um þróunarstarf í leikskólum með viðtölum og spurningalistum. Sesselja Snævarr deildarsérfræðingur í menntamálaráðuneytinu lauk meistaraþrófi með rannsóknarritgerð um þróunarstarf í grunnskólum og voru Allyson Macdonald forstöðumaður RKHÍ og Ingibjörg Kaldalóns verkefnastjóri RKHÍ leiðbeinendur. Hildur Svavarsdóttir sem nú starfar hjá Félagsvísindastofnun HÍ vann sérstaklega að athugun á þróunarstarfi í framhaldsskólum að beiðni Rannsóknarstofnunar.

I. Inngangur

Skólakerfið á Íslandi er að ganga í gegnum breytingar sem hófust á 10. áratugnum með nýrri stefnu, nýjum lögum um miðjan áratuginn og nýrri aðalnámskrá á öllum skólastigum árið 1999. Nú er aðalnámskráin aftur í endurskoðun eftir ákvörðun um að reyna að stytta nám í framhaldsskólum. Þróunarstarf í skólum er stutt af ríkinu, sveitarfélögum og Kennarasambandinu. Þróunarsjóðir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla reknir af ríkinu voru stofnaðir fyrir um 10 til 15 árum. Í ríkisreklam sjóðum er stundum tekið mið af lagabreytingum svo sem ákvæðum um sjálfsmat eða af viðfangsefnum eins og læsi eða samstarfi heimilis og skóla. Í Verkefna- og námsstyrkjasjóði Kennarasambandsins er meira svigrúm fyrir áhugamál einstaklinga. Flest verkefni eru til skamms tíma þótt sumir verkefnisstjórar sækja um framhaldsstyrki.

Á undanförunum árum hefur vaxandi áhersla verið lögð á dreifingu og miðlun niðurstaðna og þurfa umsækjendur að huga að því fyrirfram í umsóknum. Árlega eru haldnar tvær ráðstefnur sem stuðla að skólaþróun, annars vegar þar sem notkun upplýsingatækni hefur verið í brennidepli og hins vegar þar sem styrkþegar sjóðanna fá tækifæri til að greina frá helstu niðurstöðum. Fyrri ráðstefnan er haldin af menntamálaráðuneytinu vor hvert og málþing á vegum Rannsóknarstofnunar Kennaraháskóla Íslands er haldið á haustin í samráði við fleiri aðila. Að auki standa fleiri háskólar, sveitarfélög og samtök fyrir ráðstefnum og málþingum um valin viðfangsefni.

Menntamálaráðuneytið er með þrjá sjóði sem eru tileinkaðir þróunarstarfi, Þróunarsjóð leikskóla, Þróunarsjóð grunnskóla og Þróunarsjóð framhaldsskóla. Hver sjóður er með ráðgjafarnefnd sem leggur fram tillögu að áherslusviðum, fer yfir umsóknir og leggur fram tillögu um úthlutun. Nokkrir sjóðir til viðbótar eru í vörslu Kennarasambands Íslands (t.d. Verkefna- og námsstyrkjasjóður) eða sveitarfélaga (t.d. Þróunarsjóður grunnskóla Reykjavíkur). Á nýliðnum árum hafa um 3 m.kr. verið til úthlutunar úr Þróunarsjóði leikskóla. Í Þróunarsjóð grunnskóla hafa verið lagðar u.þ.b. 11–12 m.kr. sl. fimm ár. Kennarasambandið hefur veitt um 9 m.kr. árlega til þróunarstarfs og Reykjavíkurborg um 17–18 m.kr. til grunnskólaverkefna. Um 15 til 17,5 m.kr. hafa verið settar árlega í Þróunarsjóð framhaldsskólans á síðustu árum. Auk þess er úthlutað töluverðri upphæð (um 70–80 m.kr.) í námsefnisgerð fyrir framhaldsskóla.

Styrktarfé fer mest til að greiða fyrir yfirvinnu starfsmanna, auk þess að greiða fyrir ráðgjöf og rekstrarkostnað. Verkefnisstjórar skila framvindu- og lokaskýrslum áður en til greiðslu kemur og eru skýrslurnar oftast aðgengilegar á netinu.

Í þessari skýrslu er rætt um nýbreytni- og þróunarstarf í íslenskum skólum á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi en samantektin er liður í úttekt á rannsóknum á sviði fræðslu- og menntamála sem unnin var á vegum Rannsóknarmiðstöðvar Íslands og menntamálaráðuneytisins.⁴⁸ Hér er fjallað um helstu niðurstöður rann-

⁴⁸ Meginmarkmið þeirrar úttektar var að kortleggja umfang og eðli rannsókna og nýbreytnistarfs. Skoðað var rannsókna- og nýsköpunarstarf í víðum skilningi á árunum 1998–2003.

sókna í 18 framhaldsskólum, 29 leikskólum og 66 grunnskólum vítt og breitt um landið. Skýrslurnar þrjár sem skýrslan byggist á fylgja hér sem fylgiskjöl A, B og C.

Markmið rannsóknarinnar var að kanna umfang og eðli nýbreytni- og þróunarstarfs í skólunum þar sem sérstök áhersla var lögð á að kanna þá þætti sem hvetja til nýsköpunar og þróunarstarfs og hvernig það nýtist í skólastarfi. Áherslusvið, tíðni höfnunar umsókna, tengsl milli rannsókna og þróunarstarfs og innleiðing verkefna í skólastarfi eru einnig viðfangsefni sem rædd voru í úttektinni. Í fylgiskjöllum A, B og C er stundum að finna tiltekna kassa þar sem sagt er stuttlega frá völdu þróunarverkefni á viðkomandi skólastigi. Það er gert til að sýna fram á fjölbreytileika viðfangsefna sem tekin eru fyrir í þróunarstarfi í íslenskum skólum.

Frumskýrslurnar eru einnig birtar af Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands sem var falin umsýsla Þróunarsjóðs leikskóla og Þróunarsjóðs grunnskóla fyrir nokkrum árum fyrir hönd menntamálaráðuneytis. Samið var um við ráðuneytið haustið 2004 að Rannsóknarstofnun gerði einnig sambærilega úttekt á Þróunarsjóði framhaldsskóla. Þannig að annað markmið rannsóknarinnar sem hér er sagt frá er að veita ráðuneytinu og ráðgjafarnefndum sem sjá um úthlutun styrkja nánari upplýsingar um tilurð og nýtingu styrkja. Margar skýrslur um þróunarstarf er að finna á vef ráðuneytisins <http://mm.stjr.is> og vef Rannsóknarstofnunar: <http://rannsokn.khi.is/upplýsingavefur>.

I. 1. Vettvangurinn

Haustið 2004 voru starfandi 29 skólar á framhaldsskólastigi, 178 grunnskólar og 267 leikskólar (tölur um leikskóla eiga við desember 2003). Konur eru um það bil 97% af starfsfólki leikskóla, um 80% starfsfólks grunnskóla og 54% af starfsfólki framhaldsskóla. Starfsmannaföldi í þessum skólum er á hverjum tíma ríflega 14.000. Í töflu 1 má sjá skiptingu starfsfólks við uppeldisstörf og kennslu eftir starfsréttindum (leikskólakennarar, grunnskólakennarar, framhaldsskólakennarar). Tölur fyrir leikskóla eru frá desember 2003 en annars frá haustinu 2004.

Tafla 1. Hlutfall starfsfólks með starfsréttindi í leik-, grunn- og framhaldsskólum

	Starfsréttindi
Leikskólar	32%
Grunnskólar	85%
Framhaldsskólar	75%

Heimild: <http://www.hagstofa.is>

Í desember 2003 voru 16.685 börn í leikskólum á Íslandi. Haustið 2004 voru 44.637 nemendur í grunnskólum og 23.156 nemendur í framhaldsskólum landsins eða 84.487 alls á þessum þremur skólastigum.

I. 2. Framkvæmd og þátttakendur

Á öllum skólastigum var gagna aflað með spurningalistum sem sendir voru styrkþegum í pósti. Lagðir voru spurningalistar fyrir styrkþega nokkurra helstu styrktarsjóða sem reknir eru; Þróunarsjóðs leik-, grunn- og framhaldsskóla, Þróunarsjóðs grunnskóla Reykjavíkur, Verkefna- og námsstyrkjasjóðs KÍ (Vonarsjóð) og Rannsóknarsjóðs Félags leikskólakennara. Mikill meirihluti (83%) svarenda voru styrkþegar úr þróunarsjóðum menntamálaráðuneytisins. Þá voru tekin 17 viðtöl á vettvangi við styrkþega; níu viðtöl við styrkþega þróunarsjóðs grunnskóla, þrjú viðtöl við fjóra styrkþega þróunarsjóðs framhaldsskóla og fimm viðtöl við styrkþega á leikskólastigi. Spurningalistarnir voru sendir út vorið 2004 til styrkþega þróunarsjóða á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi á árabílinu 1998–2003. Svörun var á bílinu 57–67% og má sjá upplýsingar um svarendur og skólana í töflum 2 og 3.

Svarendur og styrkþegar reyndust fjölbreyttur hópur skólastjóra og kennara hvað varðar aldur og starfsreynslu. Menntunartig hópsins var ennfremur hátt. Einnig komu þátttakendur úr ólíkum skólum að stærð og gerð ásamt því að vera frá ólíkum stöðum af landinu eins og sjá má í töflu 3. Því ættu niðurstöðurnar að endurspeglar viðhorf breiðs hóps úr íslensku skólalífi.

Tafla 2. Bakgrunnsupplýsingar um svarendur

	Leikskólar %	Grunnskólar %	Framhalds- skólar %
Kyn			
Karlar	0	42	72
Konur	100	58	28
Aldur			
Yngri en 45 ára	55	32	6
46-55 ára	40	41	76
56 ára og eldri	3	27	18
Menntun			
Kennarapróf og leikskólakennarapróf	41	11	-
B.Ed.	14	17	-
B.A. eða B.S.	-	6	-
Uppeldis- og kennslufræði	-	1	33
Framhaldsnám (t.d. M.A., M.Ed., Diploma)	45	65	67
Starfsreynsla			
1-10 ár	24	8	22
11-20 ár	28	36	28
21-30 ár	35	33	39
31 ár eða lengri	3	23	11

Tafla 3. Bakgrunnsupplýsingar um skóla

	Leikskólar %	Grunnskólar %	Framhalds- skólar %
Staðsetning skóla			
Í dreifbýli	0	15	6
Í þéttbýli úti á landi	31	36	50
Höfuðborgarsvæði	69	49	44
Aldur skóla:			
Yngsti	5	3	16
Elsti	54	130	122
Meðaltal	20	49	32
Fjöldi nemenda			
Fámennasti skólinn	Nemendafjöldi	Nemendafjöldi	Nemendafjöldi
	18	32	100
Fjölmenntaskólinn	190	800	1990
Meðaltalsfjöldi	87	330	632

II. Helstu niðurstöður

Niðurstöður verða raktar stuttlega í nokkrum undirköflum. Sá fyrsti fjallar um umfang styrkja, rannsóknarsvið og vinnulag. Annar kaflinn er um kynningu og birtingu verkefna. Þriðji kaflinn fjallar um helstu hindranir og hvata og í fjórða kafla er fjallað um hagnýtingu verkefna.

II. 1. Styrkir til þróunarverkefna

Leikskólarnir sem svöruðu spurningakönnuninni höfðu samanlagt fengið 68 styrki, grunnskólarnir 160 styrki og framhaldsskólar 138 styrki til þróunarverkefna. Sé horft til meðaltals fyrir hvert skólastig má sjá að mun færri styrkir voru á hvern leikskóla (1,3) en framhaldsskóla (8). Þegar horft er á þessi meðaltalsgildi ber þó að hafa í huga að fjöldi styrkja á framhaldsskólastigi var allt frá einum og upp í 24 á umræddu tímabili, en í leikskólum á bilinu einn til þrjár. Fjöldi styrkja á hvern grunnskóla var að meðaltali 2,5 eða allt frá einum styrk og upp í 15 styrki til þess sem skóla sem flesta styrki hafði fengið.

Almennt þóttu styrkir úr sjóðunum litlir og fáir sem ekki kemur á óvart en þetta var þó meira áberandi á leikskólastiginu þar sem viðmælendum varð tíðrætt um hve lítilsvirðandi það væri hve litlir og fáir möguleikarnir til styrkja væru. Þetta mátti líka sjá þegar skoðaðar eru tölur um synjun styrkja sem gefa vísbendingu um umframeftirspurn eftir styrkjum til þróunarstarfs. Í ríflega helmingi þeirra grunnskóla sem svöruðu hafði styrkumsóknum verið synjað. Um 30% svarenda á leikskólastigi sögðust hafa fengið synjun og í 15 af 18 framhaldsskólum hafði styrkumsóknum verið hafnað. Yfirlit yfir þetta má sjá nánar í töflu 4.

Tafla 4. Synjanir styrkumsókna

	Leikskólar %	Grunnskólar %	Framhalds- skólar %
Hve oft fengið synjun			
Einu sinni	41	52	50
2–5 sinnum	6	45	14
6–9 sinnum	53	3	14
10 sinnum eða oftar	0	0	22
Alls	100%	100%	100%
Meðaltal synjana:	5	2,2	5
Hve oft unnið verkefni án styrkja			
Tvisvar eða sjaldnar	64	68	27
3–5 sinnum	12	25	46
10 sinnum eða oftar	24	7	27
Alls	100%	100%	100%
Meðaltal unninna verkefna, óstyrktra:	3	2,3	4

Mjög misjafnt var hvort og með hvaða hætti sveitarfélög veita leik- og grunnskólum fjármagn til þróunarstarfs og standa skólar á sveitarstjórnarstigi því ekki jafnfætis hvað það varðar.

Ef horft er til rannsóknarsviða (tafla 5) má sjá að í framhaldsskólunum voru 38% verkefna á sviði bóknámsgreina, 22% á sviði starfs- og iðnnáms en 40% verkefna á öðrum sviðum. Af einstökum greinum í framhaldsskólum má sjá að flest verkefni voru á sviði skipulags starfs- og kennsluhátta sem og tölvu-, tækni- og hönnunargreina. Verkefni á sviði upplýsingatækni og skipulags starfs- og kennsluhátta voru að sama skapi nokkur á leikskólastigi. Að öðru leyti voru flest verkefni í leikskólum á sviði félagslegrar færni, málræktar og náttúrufræði/umhverfis. Í grunnskólum voru flest verkefni á sviði lífsleikni, íslensku, stærðfræði, upplýsinga- og tæknimenntar, foreldrasamstarfs og félagslegrar færni og samskipta. Er það í samræmi við auglýst forgangsverkefni og áherslur í úthlutun úr Þróunarsjóði grunnskóla á árunum 1998–2002.

Niðurstöður spurninga um vinnulag verkefna voru nokkuð ólíkar eftir skólastigum. Athyglisvert var að í leikskólum var mikill meirihluti verkefna (75%) unninn í einhverju samstarfi. Algengasta formið var hópvinna innan leikskólans en einnig var um fjórðungur verkefna unninn í samvinnu við aðra leikskóla. Í framhaldsskólum var annað upp á teningnum. Þar var minna um samvinnu milli framhaldsskóla (8%), jafnvel þótt verkefni ættu að leiða til breytinga eða nýbreytni sem gengi yfir flestalla framhaldsskóla. Á framhaldsskólastiginu var samvinna kennara innan skóla nokkuð algeng sem og að verkefni væru unnin í samvinnu tveggja (19%) eða fleiri (36%). Í grunnskólum voru verkefni hópverkefni í fleiri en helmingi tilvika og nokkuð um samvinnu milli skóla (16%). Þetta má sjá nánar á mynd 1.


Þessar ólíku áherslur í samvinnu komu einnig fram þegar spurt var um hver hefði frumkvæði að verkefnum. Þar kom í ljós að skólastjórar áttu oftar hlut að máli í leikskólum (48%) en á framhaldsskólastigi (32%). Í grunnskólum átti skólastjóri frumkvæðið í 39% tilvika. Í leikskólum átti hópur kennara frumkvæðið í þriðjungi tilvika og í grunnskólum í fjórðungi tilvika. Í framhaldsskólum var algengara að einn kennari (26%) eða tveir (20%) ættu frumkvæðið. Þetta má sjá nánar á mynd 2.

Um helmingur verkefna á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi byggðist, að sögn svarenda, á fyrri rannsóknum.

Tafla 5. Þróunarverkefni – rannsóknarsvið


	Leikskólar %	Grunnskólar %	Framhalds- skólar %
Námsgreinar			
Hreyfing	5		
Málrækt	11		
Myndsköpun	3		
Tónlist	3		
Listgreinar		6	
Íslenska		10	3
Stærðfræði		7	3,5
Erlend tungumál		5	8
Önnur bóknámssvið		1	6,5
Tölvu- og tæknigr./upplýsinga- og tæknimennt	6	8	14
Náttúrufræði, raungreinar/náttúra og umhverfi	11	7	9
Lífsleikni, samfélagsgr./menning og samfélag	9	15	8
Iðnnám (t.d. matvælagreinar, málmíðngreinar)			4
Starfsnám (t.d. heilbrigðisgr., sjávarútvegsgr.)			4
Ýmsar greinar			
Stjórnun	0	3	
Félagsleg færni og samskipti	14	5	
Fjölmening	5	2	
Foreldrasamstarf	9	6	
Skipulag starfs- og kennsluhátta	9	18	17
Sérkennsla	5	3	7
Aðrar greinar	9	4	16
Alls	100%	100%	100%

Mynd 1. Vinnulag í þróunar- og nýbreytniverkefnum



um. Á öllum skólastigum var enn fremur oftast stuðst við erlendar rannsóknir en innlendar og þótti almennt skorta hagnýtar rannsóknir fyrir skólastarfið. Tengsl við vísindasamfélagið voru einna helst til staðar ef hugmynd að verkefni kviknaði vegna framhaldsnáms viðkomandi kennara.


Mynd 2. Frumkvæði að verkefnum



II. 2. Kynning verkefna

Niðurstöður sýndu að styrkþegar í leikskólum virtust nýta sér fleiri möguleika til að kynna verkefni sín en gert var af styrkþegum á grunn- og framhaldsskólastigi. Styrkþegar grunnskólastigs nýttu sér svo heldur fleiri kynningarleiðir en styrkþegar í framhaldsskólum. Mynd 3 sýnir hlutfall þeirra sem notuðu tiltekna kynningarleið. Þar sem svarendur merktu við eins margar kynningarleiðir og við átti er samanlagt hlutfall herra en 100.

Mynd 3. Kynning þróunarverkefna innan skólans




Á öllum skólastigum voru kynningar á kennara- eða starfsmannafundum algengasta kynningarform innan skólanna og í öllum skólum voru óformlegar leiðir til kynningar talsvert notaðar (t.d. með samtölum). Athygli vöktu ólíkar áherslur skólastiganna á því að kynna verkefni fyrir foreldrum. Þannig voru kynningar á foreldrafundum fátíðar í framhaldsskólum (11% verkefna) en mjög almennar í leikskólum (90% verkefna) og grunnskólum (70% verkefna).

Einnig skilur að þegar skoðaðar voru niðurstöður um kynningar utan skóla. Þá kom í ljós ólík áhersla skólastiganna á því að kynna starfið fyrir öðrum skólum. Grunn- og leikskólakennarar virtust í meira mæli kynna

verkefni sín á ráðstefnum en framhaldsskólakennarar. Þá lögðu framhaldsskólakennarar minni áherslu á kynningar í öðrum skólum (47%) en styrkþegar á leikskólastigi lögðu mikla áherslu á þetta (79%). Áberandi var hve fáir leikskólar birtu niðurstöður á vefsíðum miðað við hvað gert var í grunn- og framhaldsskólum. Birting á vefsíðu var aftur á móti eitt mest notaða birtingarform í framhaldsskólunum. Mynd 4 sýnir hlutfall þeirra sem nota tiltekna kynningarleið utan skóla og merktu svarendur við eins margar kynningarleiðir og við átti.

Skólastjórar höfðu frumkvæði að kynningum innan skólans í u.þ.b. helmingi tilvika á öllum skólastigum. Oft voru einnig einstaka kennarar sem sáu um þessi kynningarmál, eða í kringum 40% tilvika. Í fáeinum tilvikum kom fyrir að skólaskrifstofa eða aðrir aðilar hefðu forgöngu í kynningarmálum.

Mynd 4. Kynning þróunarverkefna utan skóla



II. 3. Hvatar og hindranir í þróunarstarfi


Svarendur voru beðnir að raða í mikilvægisröð nokkrum þáttum varðandi hvata til nýbreytni- og þróunarstarfs. Þá kom í ljós að eldmóður og drifkraftur einstakra kennara var oftast settur í fyrsta sæti eða í um helmingi tilvika á öllum skólastigum. Mynd 5 sýnir hlutfall svarenda sem röðuðu tilteknum þáttum/hvötum fyrst í mikilvægisröð. Ríflega 20% svarenda settu hugsjón starfsfólks eða starfsánægju í fyrsta sætið. Um 10% svarenda settu þó fjárhagslegan grundvöll eða styrki í fyrsta sætið.

Í töflu 6 er sett fram samantekt á því í hvaða sætum tilteknir hvatar lenda oftast. Sem fyrr má sjá að þættir sem lúta að innri þáttum starfsins (drifkraftur, hugsjón, starfsánægja) lenda oftast í 1. til 3. sæti, styrkir og framhaldsnám koma þar á eftir og auglýst forgangsverkefni eru nánast alltaf í síðasta sæti forgangsröðunar.

Ljóst er að þættir sem lúta að innra starfi skólans eru mikilvægustu þættirnir sem hvetja til þátttöku í þróunarstarfi á öllum skólastigum. Því er greinilega mikilvægt að hlúa vel að starfsmönnum, efla áhuga þeirra og metnað fyrir hönd skólans.

Á sama hátt og í spurningunni um helstu hvata að nýbreytniverkefnum voru þátttakendur spurðir um helstu hindranir. Spurt var um fimm þætti sem raða átti í mikilvægisröð. Sem fyrr sýnir mynd 6 hlutfall svarenda sem röðuðu tilteknum þáttum/hindrunum fyrst í mikilvægisröð á öllum skólastigum.


Mynd 5. Hvatar sem oftast var raðað í fyrsta sæti – öll skólastig



Tafla 6. Hvatar að nýbreytni- og þróunarverkefnum

Hvatar	Oftast í ...
Eldmóður og drifkraftur kennara	1. sæti
Hugsjón	1. til 3. sæti
Starfsánægja	2. og 3 sæti
Framhaldsnám eða símenntun	4. sæti
Styrkir	4. og 5. sæti
Auglýst forgangsverkefni	6. sæti

Mynd 6. Hindranir sem oftast var raðað í fyrsta sæti – öll skólastig



Myndin sýnir að augljósustu og almennustu hindranir við þróunarstarf að mati þátttakenda voru tíma- og fjárskortur sem ekki kemur á óvart. Myndin sýnir einnig að ekki er hægt að líta fram hjá þáttum eins og áhugaleysi, kjarasamningum og þjálfun starfsmanna þar sem þessir þættir voru í einhverjum tilvikum settir efst á lista yfir hindranir. Þetta má enn fremur sjá betur í töflu 7.

Tafla 7. Hindranir við þátttöku í nýbreytni- og þróunarverkefnum

	Oftast í ...
Tímaskortur	1. sæti
Fjárskortur	1. og 2. sæti
Kjarasamningar	3. sæti
Áhugaleysi	4. sæti
Ónóg þjálfun	3. og 5. sæti

Tafla 7 sýnir að jafnvel þótt flestir setji tíma- og fjárskort í fyrsta sæti yfir hindranir þá skipta kjarasamningar, ónóg þjálfun sem og áhugaleysi einnig verulegu máli þegar hugað er að hindrunum í þróunarstarfi á öllum skólastigum.


Í viðtölum varð viðmælendum tíðrætt um tímaskort. Bent var á að lítið mætti bera út af í mannahaldi og oft á tíðum væri erfitt að finna tíma til að vinna að verkefnunum. Því má væntanlega líta á tímaskort og fjárskort sem hliðar á sama peningi. Það er að segja, að ef til vill væri hægt að leysa úr tímaskorti ef meira fjármagn væri fyrir hendi því þannig mætti minnka kennsluálag á þeim sem ynnu að þróunarstarfi. Þrátt fyrir tíma- og fjárskort var athyglisvert að skólar á öllum skólastigum unnu að þróunarverkefnum sem ekki voru styrkt, sem endurspeglar að þróunarstarf fær ekki þrífist án drifkrafts og hugsjóna skólafólks.

Athygli vakti að almennt þóttu auglýst forgangsverkefni ekki vera sérstakur hvati til þróunarstarfs. Auglýst forgangsverkefni ná því ekki markmiðum sínum nema áhugi sé þegar fyrir hendi hjá þeim sem geta sótt í þau. Styrkirnir eru samt nauðsynleg hvatning til framkvæmdar þessum hugmyndum þar sem lítið annað er í boði fyrir þá sem áhuga hafa á að vinna slík verkefni. Ekkert svipað kerfi er til sem metur þátttöku í þróunarstarfi eins og t.d. stigamatskerfi vegna rannsóknarvinnu í háskólaumhverfinu. Skólastjórar reyna að umbuna með yfirvinnu eða afslætti á kennslu en það er einstaklingsbundið og ekki allir sáttir við slíkt kerfi.

II. 4. Hagnýting verkefna

Almennt voru þátttakendur í úttektinni sammála því að þróunar- og nýbreytnistarfi hafi jákvæð áhrif á starf skólanna og hafa trú á að þróunarstarfi hafi varanleg áhrif á skólastarfið. Voru niðurstöður mjög sambærilegar milli skólastiga hvað þetta varðar (mynd 7). Niðurstöður spurningakönnunar sýndu að almennt þóttu þau þróunarverkefni sem unnin eru á öllum skólastigum bæði gagnleg og hagnýt. Svo virðist sem vel gangi að innleiða verkefni í skólastarfið í heild og var því svarað til að flest verkefni væru innleidd í skólastarfið að einhverju leyti. Enn fremur var spurt hvort verkefni hefðu verið innleidd tímabundið eða varanlega og á öllum skólastigum voru niðurstöður þær að innleiðing verkefna væri varanleg í 60% tilvika en tímabundið í um 40% tilvika.

Mynd 7. Innleiðing verkefna á öllum skólastigum



Viðmælendurnir greindu enn fremur frá því að þróunarverkefni gætu skerpt markmið og stefnu skólanna og ættu jafnvel þátt í að móta skólastarfið. Einnig töldu viðmælendurnir þróunarstarf mikilvægt fyrir kennarastéttina til að takast á við ný verkefni og kynnast nýjum stefnum og straumum. Huga ber að ábendingum þess efnis að hagnýting og áhrif verkefna fari að miklu leyti eftir því hversu vel kynningarstarf heppnast. Krafa um kynningar er ekki sterk, verkefnisstjórar geta að mestu ráðið því hvernig að kynningum er staðið. Einnig ber að huga að því að ytri þættir hafa líka áhrif á hagnýtingu, svo sem námskrá og stefnumótunaraðilar, en dæmi voru um að verkefni væru fullunnin en innleiðing væri ekki á valdi einstakra skóla. Ef aukin samvinna væri milli framhaldsskóla um að vinna þróunar- og nýbreytniverkefni gæti það aukið líkur á innleiðingu og varanleika verkefna þar sem fleiri skólar yrðu þátttakendur frekar en þiggjendur. Það gæti einnig styrkt kennara í verkefnavinnunni en sumum þótti þessi vinna einmanaleg og vildu geta borið sig saman við aðra í svipuðum sporum. Skilgreindur aðgangur að fræðimönnum eða fræðilegri ráðgjöf er önnur slík hugmynd.

III. Samantekt og álitamál

Meginmarkmið úttektarinnar er að kortleggja umfang og eðli rannsókna og nýbreytni á sviðinu. Nánar tiltekið eru markmiðin:

- að kortleggja umfang og eðli rannsókna og nýsköpunarstarfs á sviði fræðslu- og menntamála og vekja máls á þeim sviðum þar sem rannsóknir skortir.
- að skoða stöðu rannsakenda með hliðsjón af ólíkum markhópum, vinnuumhverfi og vinnuferli rannsókna.
- að kanna hvað hvetur til nýsköpunar í skólum og atvinnulífi og tengsl nýbreytnistarfs við menntarannsóknir.
- að varpa ljósi á þýðingu og notagildi rannsókna fyrir stefnumótun og starfsemi skóla og annarra fræðsluaðila.
- að hvetja til umræðu um rannsóknir og nýsköpunarstarf á sviði fræðslu- og menntamála með því markmiði að efla þær.

Í þessari skýrslu höfum við skoðað sérstaklega þróunarstarf sem unnið er í skólum með stuðningi frá þróunarsjóðum og þar með markmið 3 og 5. Þróunarsjóðir sem eru í vörslu menntamálaráðuneytis voru sérstaklega teknir til umfjöllunar. Rætt hefur verið um umfang og eðli verkefna, kynningar á þeim, hagnýtingu þeirra, hvata og hindranir. Í úttektinni komu fram sérstök atriði sem hvetja til eða hindra þróunarstarf og dreifingu og nýtingu niðurstaðna.

III. 1. Samanburður skólastiga

Mikil eftirspurn er eftir styrkjum til þróunarverkefna á öllum skólastigum, mun meiri en unnt er að verða við. Fjöldi umsókna er synjað ár hvert og fjöldi skóla þurfa að vinna að þróunarverkefnum án þess að fá til þess styrki. Styrkir vegna þróunar- og nýbreytnistarfs í leikskólum eru þó minni og færri heldur en á grunn- og framhaldsskólastigi. Menntamálaráðuneytið hefur t.d. úthlutað úr Þróunarsjóði leikskóla um 3 m.kr. árlega til nýbreytni- og þróunarverkefna í leikskólum, 11–12 m.kr. til Þróunarsjóðs grunnskóla og um 15–17,5 m.kr. til framhaldsskólaverkefna.

Athyglisvert er að nokkurn mun á vinnulagi við þróunarverkefni má sjá milli skólastiga, bæði hvað varðar eðli samvinnu og kynningarstarf. Samstarf milli leikskóla er mun almennara heldur en á öðrum skólastigum og minnst er um samstarf skóla á framhaldsskólastigi. Talsvert er um hópverkefni á öllum skólastigum en mest þó í grunnskólum. Þá má sjá að í framhaldsskólum eru meira verkefnum unnin með samvinnu tveggja aðila innan skólans en í grunn- og leikskólum.

Hvað kynningarstarf varðar eru ólíkar áherslur skólastiganna á kynningu verkefna fyrir foreldrum. Kynningar á foreldrafundum eru tiltölulega fátíðar í framhaldsskólum en algengar í leikskólum og grunnskólum. Þá virðast leikskólakennarar í meiri mæli kynna verkefni sín á ráðstefnum. Það er áberandi að fáir leikskólar birtu niðurstöður á vefsíðum miðað við hvað gert er í grunnskólum og í framhaldsskólum þar sem birting á vefsíðu er eitt mest notaða birtingarformið. Fyrir utan þessar ólíku áherslur á kynningarstarfi eiga skóla-

stigin það sammerkt að kynningar á kennara- eða starfsmannafundum eru algengasta kynningarform innan skólanna og í öllum skólum eru óformlegar leiðir til kynningar talsvert notaðar (t.d. með samtölum). Skólastjórar hafa frumkvæði að kynningum innan skólans í u.þ.b. helmingi tilvika á öllum skólastigum.

Það var einnig sammerkt þróunarverkefnum á öllum skólastigum að frumkvæði að verkefnum sjálfum koma mjög oft frá skólastjórnendum. Í framhaldsskólum kemur frumkvæði að verkefnum oftast frá einstaka kennurum eða tveim kennurum en í leik- eða grunnskóla þar sem hópur kennara höfðu oftast frumkvæði. Um eða innan við helmingur þróunarverkefna byggist á fyrri rannsóknum og þá fremur erlendum en innlendum rannsóknum og skorta þótti hagnýtar rannsóknir. Tengsl við vísindasamfélagið eru einna helst til staðar ef hugmynd að verkefni kviknar vegna framhaldsnáms viðkomandi kennara.

Hvað varðar hvata að þróunarstarfi þá kom í ljós að eldmóður og drifkraftur einstakra kennara var oftast settur í fyrsta sæti eða í um helmingi tilvika á öllum skólastigum. Þá nefndu einnig margir hugsjón starfsfólks og starfsánægju sem mikilvægasta hvatann. Þættir sem lúta að innra starfi skólans eru mikilvægustu þættirnir sem hvetja til þátttöku í þróunarstarfs og greinilega mikilvægt að hlúa vel að starfsmönnum. Athygli vekur að almennt þóttu auglýst forgangsverkefni ekki vera sérstakur hvati til þróunarstarfs. Augljósustu og almennustu hindranir við þróunarstarf að mati þátttakenda eru tíma- og fjáskortur sem ekki kemur á óvart. Einnig voru nefndir þættir eins og kjarasamningar og skortur á þjálfun starfsmanna sem ekki má líta fram hjá.

Almennt þóttu þróunarverkefni sem unnin voru á öllum skólastigum bæði gagnleg og hagnýt og svo virtist sem vel gengi að innleiða þau varanlega í skólastarfið. Hins vegar ber að ítreka að kynningarstarf ræður þó oft miklu um hvernig til tekst með hagnýtingu verkefna. Krafa um kynningar er ekki sterk, verkefnisstjórar geta að mestu ráðið því hvernig að kynningum er staðið. Einnig geta ytri þættir hafa líka áhrif á hagnýtingu, s.s. námskrá og stefnumótunaraðilar en dæmi voru um að verkefni væru fullunnin en innleiðing væri ekki á valdi einstakra skóla.

III. 2. Álitamál

Tilurð verkefna

Á hverju ári setur menntamálaráðuneytið áherslur í þróunarstarfi, eins og námsmat, notkun upplýsingatækis, sveigjanlega kennsluhætti, sjálfsmat eða skólanámskrágerð. Áherslurnar hafa endurspeglad laga- breytingar sem komu til framkvæmda á 10. áratugnum og breytingar á aðalnámskrá árið 1999. Skólunum er frjálst að sækja um verkefni sem tengjast ekki áherslunum en oft er ekki úthlutað til slíkra verkefna.

Ljóst var í matinu að verkefnavinna hefst sjaldan með áherslum sjóðanna, þó svo að dæmi séu um undantekningar. Það eru meiri líkur á því að skólar sem stunda þróunarstarf lagi verkefni sín að settum áherslum. Tilurð verkefna má oft rekja til einstakra kennara en stundum eru það skólastjórar sem koma þeim af stað. Það var athyglisvert að sumir skólastjórar líta á verkefnastyrki sem verðlaun og hvatningu til að halda áfram á meðan aðrir líta á þetta sem grundvallarskilyrði fyrir áframhaldandi þróunarstarf. Í viðtölum kom fram að starfsánægja innan stofnunar á öllum skólastigum var nauðsynleg forsenda þróunarstarfs, þar sem kennarar voru hvattir til að leita nýrra leiða í kennslu og starfi. Að mati styrkþega leiddu rannsóknir sjaldnast til þróunarstarfs, þótt sumir þeirra rektu áhuga á þróunarstarfi til náms, og þá sérstaklega framhaldsnáms, og viðfangsefna sem höfðu verið til umræðu í náminu. Sumum fannst skortur á viðeigandi rannsóknum á þróunarstarfi.

Dreifing niðurstaðna og áhrif þeirra

Á síðustu árum hafa tækifæri til dreifingar niðurstaðna þróunarverkefna aukist. Árlegt málþing, *Rannsóknir – nýbreytni – þróun* sem haldið er á vegum Rannsóknarstofnunar Kennaraháskóla Íslands í samráði og með stuðningi fleiri aðila, hefur eflst og styrkst; 19 erindi voru flutt árið 1998, um 70 árið 1990, um 80 árið 2001 og yfir 120 árið 2003. Allir styrkþegar helstu sjóðanna, auk nýútskrifaðra meistaranema, fá boð um að flytja erindi á málþinginu. Margir eru tilbúnir að segja frá verkefnum sínum á málþingi en áheyrendur eru að öllum líkindum starfsfélagar eða rannsakenndur frekar en óbreyttir kennarar, þar sem sumir kennarar sækja ekki ráðstefnur í frítíma sínum. Ráðstefnur sem tileinkaðar eru sérstöku þema, eins og samstarfi heimilis og skóla, drengjamenningu eða bættum skilyrðum til náms, virðast einnig vera góðir kostir en þær eru haldnar á vegum háskóla, skólaskrifstofa eða samtaka, eða í samvinnu þeirra.

Styrkþegar skila lokaskýrslu áður en til lokagreiðslu kemur og eru þær oftast birtar á netinu. Í móðurskólum í Reykjavík hefur verið gert ráð fyrir að verkefnisstjórar og þátttakendur veiti ráðgjöf til skóla sem hafa áhuga á starfi þeirra. Stundum hefur þetta skilyrði verið túlkað þröngt, eins og að flytja erindi. Ekki er veitt mikið ráðrúm til skólaheimsókna, samvinnu og íhugunar.

Þrátt fyrir ráðstefnuhald og birtingu skýrslna á netinu var fólk almennt sammála um að áhrif verkefna utan þess skóla þar sem þau eru unnin væru hverfandi. Verkefnin teygja sig lítið milli skóla, sérstaklega í framhaldsskólum. Áhrif verkefna milli leikskóla virðast sterkari en á öðrum skólastigum. Framhaldsnám hefur leitt til betri dreifingar niðurstaðna þegar gerðar eru kröfur í námi um að nemendur, sem eru oftast starfandi kennarar, kynni sér þróunar- eða matsverkefni sem unnin eru annars staðar eða kynni og greini eigin störf.

Þróunarstarf og lögbundið skólastarf

Kveðið er á í lögum að skólar stundi sjálfsmat, vinni að gerð skólanámskrár og búi til áætlun um símenntun fyrir starfsfólk. Ábyrgð er í höndum skóla, skólastjórnenda og sveitarstjórna. Svo virðist þó sem sumir skólar tengi ekki endilega þætti sjálfsmatsins gerð námskrárinnar eða þróun stofnana og þróun einstaklinga. Erlendis, t.d. í Bretlandi, er áhersla lögð á að skólar búi til þróunaráætlun (*e. development plan*) í framhaldi af sjálfsmati og ytra mati. Svo virðist sem þetta sé ekki endilega gert á Íslandi þótt vissulega sé kerfisbundin nálgun og nýting gagna að aukast. Í þróunaráætlun sem er ýmist til þriggja eða fimm ára er farið yfir öll svið, og ekki síður yfir símenntun og þróun einstaklingsins jafnt sem æskilega þróun í námi og kennslu.

Ekki er víst að skólar notfæri sér eða geti notað upplýsingar sem eru til um frammistöðu skólans. Í úttekt á stofnanarannsóknnum var ljóst að töluverð gögn liggja fyrir til frekari greiningar en það skortir mannafl og fjármögnun til þess. Sumar sveitarstjórnir kaupa þó úrvinnslu um skóla í sveitarfélaginu frá Námsmatsstofnun en slíkt getur aukið möguleika þeirra til að setja viðmið eða orðið kveikja að viðfangsefni til þróunarstarfs.

Rannsóknir og þróun

Þróun í háskólum er einnig umhugsunarefni. Í viðtölum vegna háskólarannsóknna og á málþinginu kom í ljós að viðmælendur telja að núverandi stigamatskerfi virki gegn því að fræðimenn efla frekari tengsl við vettvang þótt margir vilji vinna starf sem nýtist skólavettvangi. Einnig er vitað að ráðgjafarnefndir vilja síður útluta þróunarsjóðsstyrkjum til verkefna sem bera of mikinn keim af rannsóknnum. Sú afstaða er eðlileg miðað við þær upphæðir sem eru til úthlutunar en hún engu að síður breikkar þá gjá sem er að myndast milli þróunarstarfs og rannsókna.

Þróun eða stöðugleiki

Skilning virðist vanta á því að rannsóknir og þróunarstarf eigi að vera háð hvort öðru og að niðurstöður þróunarstarfs geti leitt til frekari þróunar og/eða frekari rannsókna. Það sem einkennir þróunarstarf í öllum skólakerfum nú til dags virðist stundum vera skortur á ígrundaðri stefnu, tilviljanakennt val á viðfangsefnum og á dreifingu niðurstaðna. Kennarar virðast geta valið hvort þeir stundi þróunarstarf eða ekki og áherslurnar taka ekki endilega mið af þróun starfsins innan kennslustofunnar. Skólastjórar þurfa ekki að styðja við þróunarstarf og sveitarfélög geta valið hvort þau vilja styrkja þróunarstarf eða ekki. Til eru fjölmargar leiðir í kynningarstarfi en sumir skólar og kennarar velja jafnvel að kynna starfið ekki né að fræðast um starf annarra.

Skólar þurfa þó samtímis að uppfylla annars vegar kröfur um samfelldni og stöðugleika og hins vegar kröfur um þróun, nýnæmi og nýbreytni. Þessi spenna er nauðsynleg ef skólastarf, kennsla og nám á að geta vaxið og dafnað – menningin þarf að endurspeglar bæði samfellu og breytingar – en togstreita sem myndast í skólastarfi er samt erfið þegar kröfur hagsmunaaðila dynja á fólki með áhuga á þróunarstarfi. Stefunumótunaraðilar virðast vera búnir að veðja frekar á samfellu en á þróun, eins og sést í takmarkaðri fjármögnun þróunarsjóða. Skólar eiga að sýna fram á stöðugleika í starfsemi að mati yfirvalda og foreldra en frekari þróun byggist samt á breytingum, greiningu þeirra og viðeigandi aðgerðum.

Fylgiskjal A

Þróunarverkefni á leikskólastigi

A. 1.	Inngangur	155
	A. 1. 1. Leikskólastigið	
	A. 1. 2. Þróunarsjóðir leikskóla	
	A. 1. 3. Framkvæmd	
A. 2.	Bakgrunnur	157
A. 3.	Styrkir til þróunarverkefna í leikskólum	158
A. 4.	Kynning á verkefnum	161
A. 5.	Hvatar og hindranir í þróunarstarfi	162
A. 6.	Hagnýting verkefna	165
A. 7.	Samantekt	166

Töflur

Tafla A.1.	Bakgrunnur svarenda í leikskólum	157
Tafla A.2.	Bakgrunnur leikskóla	157
Tafla A.3.	Þróunarverkefni í leikskólum 1998–2003	158
Tafla A.4.	Synjanir verkefna í leikskólum	159
Tafla A.5.	Úthlutun styrkja til leikskóla eftir landshlutum	160
Tafla A.6.	Verkefni unnin í leikskólum en ekki styrkt	160
Tafla A.7.	Innleiðing verkefna í starf leikskóla	165

Myndir

Mynd A.1.	Stöðugildi við uppeldisstörf í leikskólum 1998–2003	155
Mynd A.2.	Kynning þróunarverkefna innan leikskólans	161
Mynd A.3.	Kynning þróunarverkefna utan leikskólans	162
Mynd A.4.	Hvatar sem raðað var í fyrsta sæti í leikskólum í mikilvægisröð	163
Mynd A.5.	Hindranir sem raðað var í fyrsta sæti í leikskólum í mikilvægisröð	163
Mynd A.6.	Innleiðing verkefna í leikskólum á árunum 1998–2003	165

Þróunarverkefni á leikskólastigi

Höfundar:

Kristín Björnsdóttir, Ingibjörg Kaldalóns og Lilja Björk Ólafsdóttir

A. I. Inngangur


Í þessum kafla er fjallað um nýbreytni- og þróunarstarf í íslenskum leikskólum. Niðurstöður byggjast á könnun sem náði til 29 leikskóla vítt og breitt um landið. Markmið þessarar rannsóknar var að kanna umfang og eðli nýbreytni- og þróunarstarfs í leikskólum þar sem sérstök áhersla var lögð á að kanna þá þætti sem hvetja til nýsköpunar og þróunarstarfs og hvernig það nýtist í leikskólastarfi.

Aðalnámskrá fyrir leikskóla var í fyrsta sinn gefin út af menntamálaráðuneytinu árið 1999 og var liður í að styrkja leikskólann sem fyrsta skólastigið. Í þessari námskrá er fjallað sérstaklega um þróunarstarf í leikskólum, enda ber menntamálaráðuneytinu að stuðla að þróunar- og tilraunastarfi í leikskólum samkvæmt lögum um leikskóla frá árinu 1994.⁴⁹ Til þróunarverkefna teljast nýjungar, tilraunir og nýbreytni í leikskólastarfi.

A. 1. 1. Leikskólastigið

Á árunum 1998–2003 voru starfræktir u.þ.b. 260 leikskólar á landinu; í desember 2003 voru þeir 267.⁵⁰ Starfsfólk leikskóla er að meirihluta konur og á þessu árabili voru þær um það bil 97% starfsfólks. Í desember 2003 voru starfsmenn á leikskólum 4.684 talsins og hafði þeim fjölgað um tæp 6% milli árunna 2002 og 2003 en á fimm ára tímabili hefur starfsfólki fjölgað um 37%. Starfsfólki með háskólamenntun fjölgaði hraðar en öðrum á sama tímabili eða um 44%. Samt sem áður hefur hlutfall leikskólakennara verið nokkuð stöðugt undanfarin ár eins og sjá má á mynd A.1.

Mynd A.1. Menntun starfsfólks við uppeldisstörf í leikskólum 1998–2003



Hæst hlutfall leikskólakennara við störf er á Norðurlandi eystra en þar er það um 40%. Í Reykjavík er hlutfallið 32,6% en lægst á Norðurlandi vestra (21,6%) og Vestfjörðum (22,4%). Að meðaltali voru 15.498 börn í leikskólum á árunum 1998–2003 og flest voru þau 16.685 í desember 2003.

⁴⁹ Menntamálaráðuneytið stuðlar að þróunar- og tilraunastarfi innan leikskólans. Í því skyni skal árlega varið fé í þróunarsjóð með fjárlögum samkvæmt ákvörðun Alþingis. Menntamálaráðuneytið ákveður skiptingu fjárisins. (Lög 78/1994, 5. gr.)

⁵⁰ Hagstofa Íslands (2004). Skólamál, í *Hagtíðindum*. <http://hagstofa.is>

A. 1. 2. Þróunarsjóðir leikskóla

Helstu sjóðirnir sem hægt er að sækja um styrki til vegna þróunarverkefna í leikskólum eru Þróunarsjóður leikskóla, Þróunarsjóður leikskóla Reykjavíkur og Rannsóknarsjóður Félags leikskólakennara. Tilgangur sjóðanna er að styðja þróunar- og nýbreytnistarf í leikskólum. Þróunarsjóður leikskóla hefur verið starfræktur frá árinu 1989 á vegum menntamálaráðuneytisins. Frá stofnun sjóðsins hefur árlega verið úthlutað u.þ.b. þremur milljónum til styrktar nýbreytni- og þróunarstarfi í leikskólum. Árið 2003 bárust sjóðnum um 50 umsóknir. Leikskólaráð Leikskóla Reykjavíkur hefur frá árinu 1990 samþykkt fjárveitingu í Þróunarsjóð leikskóla Reykjavíkur og á árunum 1998–2000 var árlega úthlutað um einni og hálfri milljón króna en frá 2001 hefur verið úthlutað tveimur milljónum árlega. Árið 2003 bárust sjóðnum níu umsóknir.

Rannsóknarsjóður Félags leikskólakennara sem rekinn er af Kennarasambandi Íslands er lítill sjóður og var stofnaður árið 1993. Sjóðurinn hefur úthlutað um einni milljón króna annað hvert ár til leikskólakennara. Árið 1993 stofnaði Félag leikskólakennara rannsóknarsjóð til minningar um fyrrverandi formann félagsins, Selmu Dóru Þorsteinsdóttur. Markmið sjóðsins er að styrkja rannsóknir tengdar leikskólauppeldi. Leikskólar hafa einnig sótt um styrki fyrir þróunarverkefni í Kristnihátíðarsjóð, hjá Visindasjóði/Rannsóknasjóði og í Comeniusar-þátt menntaáætlunar Evrópusambandsins (Sokrates). Í einstaka stærri sveitarfélögum eru starfræktir þróunarsjóðir fyrir leikskóla. Auk þess eru í mörgum sveitarfélögum veittir styrkir til þróunarstarfs í leikskólum. Þessir styrkir eru ekki reglulegir og misjafnir milli ára. Í einhverjum tilvikum veita sveitarfélög eingöngu styrki sem mótframlag við styrkjum úr Þróunarsjóði leikskóla og er lítið á styrkveitingu menntamálaráðuneytisins sem viðurkenningu á gæðum verkefna. Einnig gera einhver sveitarfélög ráð fyrir þróunarstarfi í leikskólum í framlögum til skólustarfsins.

Þar sem Þróunarsjóður leikskóla er langstærsti sjóðurinn á þessu skólastigi byggist umfjöllunarefni skýrslunnar fyrst og fremst á viðhorfum og reynslu styrkþega þess sjóðs.

A. 1. 3. Framkvæmd

Gagna var aflað með spurningalistum annars vegar og viðtölum hins vegar. Viðtöl voru tekin við fimm starfsmenn í fimm leikskólum sem hlotið höfðu styrk úr Þróunarsjóði leikskóla 1998–2003, og spurningalistar voru sendir í leikskóla sem höfðu fengið styrki úr Þróunarsjóði leikskóla, Þróunarsjóði leikskóla Reykjavíkur og Rannsóknarsjóði leikskólakennara á sama tímabili.

Spurningakönnun

Í apríl 2004 var spurningalisti sendur til þeirra leikskóla sem höfðu fengið styrk úr Þróunarsjóði leikskóla á tímabilinu 1998–2003 en styrkveitingar á þessu tímabili voru 36 styrkir til 43 leikskóla.⁵¹ Svör bárust frá 27 leikskólum sem þýðir um 63% svörun. Þá var leitað upplýsinga um verkefni á vegum Rannsóknarsjóðs Félags leikskólakennara og Þróunarsjóðs leikskóla Reykjavíkur. Sú upplýsingaöflun skilaði einungis svörum frá tveimur styrkþegum Þróunarsjóðs leikskóla Reykjavíkur. Ekki var gert ráð fyrir að einhver tiltekinn starfsmaður svaraði könnuninni heldur var það á valdi leikskólastjóra að ákveða hver væri best til þess fallinn að svara listanum. Í spurningalistanum var, auk bakgrunnsupplýsinga, spurt um umfang og eðli nýbreytni- og þróunarstarfs í skólunum, kynningu og miðlun verkefna, vinnuferli og hagnýtingu verkefna.

Viðtalskönnun

Tekin voru viðtöl við fimm leikskólastarfsmenn sem unnið höfðu að verkefnum sem hlutu styrk úr Þróunarsjóði leikskóla 1998–2003. Við val á viðmælendum var reynt að ná til fólks sem tekið hafði þátt í ólíkum verkefnum. Beðið var um ábendingar frá skólaskrifstofum, Háskólanum á Akureyri og Kennaraháskóla Íslands. Haft var samband við fimm leikskóla og tilnefndu leikskólastjórnarnir viðmælendur. Tekin voru viðtöl við tvo leikskólastjóra, tvo aðstoðarleikskólastjóra og einn deildarstjóra víðsvegar að af landinu. Viðmælendur voru allir konur og þeim var heitið nafnleynd. Viðtölin voru tekin í júní 2004 og tók hvert viðtal u.þ.b. 60 mínútur. Viðtölin voru tekin upp á segulband og seinna afrituð. Að lokum var stuðst við opinber gögn um úthlutanir þróunarsjóðanna, aðallega af vef menntamálaráðuneytis og Rannsóknarstofnunar Kennaraháskóla Íslands.⁵²

⁵¹ Auk þess fengu átta einstaklingar og stofnanir styrki úr sjóðnum á þessu tímabili.

⁵² <http://www.mrn.is> og <http://rannsokn.khi.is>

A. 2. Bakgrunnur

Eins og fram hefur komið bárust svör frá 29 styrkþegum í jafn mörgum leikskólum. Listunum svöruðu 20 leikskólastjórar, sex aðstoðarleikskólastjórar, tveir leikskólakennarar og einn deildarstjóri. Í töflu A.1 má sjá yfirlit yfir bakgrunn svarenda.

Tafla A.1. Bakgrunnur svarenda í leikskólum

	Hlutfall %	Fjöldi
Kyn		
Karlar	0	0
Konur	100	29
Aldur		
Yngri en 45 ára	55	16
46–55 ára	40	11
56 ára og eldri	3	1
Menntun		
Kennarapróf og leikskólakennarapróf	41	12
B.Ed.	14	4
Lengra nám, t.d. M.A., M.Ed.	45	13
Starfsreynsla		
1–10 ár	24	7
11–20 ár	28	8
21–30 ár	35	10
31 ár eða lengri	3	1

Með starfsreynslu var átt við alla reynslu innan skóla, hvort sem unnið var sem leiðbeinandi, leikskólakennari, aðstoðarleikskólastjóri eða leikskólastjóri. Að meðaltali var starfsreynsla svarenda rúmlega 19 ár. Af þessum upplýsingum um bakgrunn svarenda má sjá að svarendur voru fjölbreyttur hópur hvað varðar aldur og starfsreynslu og að menntunarstig hópsins var hátt. Flestir svarendur unnu í leikskólum á höfuðborgarsvæðinu (69%), en níu svarendur unnu í leikskólum í þéttbýli á landsbyggðinni (31%).

Töluverður munur var á stærð og aldri leikskólanna sem tóku þátt í könnuninni. Í töflu A.2 sést að það munaði 172 nemendum á fjölmennasta og fámennasta leikskólanum. Það munaði 49 árum á aldri elsta og yngsta leikskólans. Af þessu má ætla að þróunarstarf fari fram í öllum stærðum og gerðum af leikskólum. Í þessari könnun var reynt að ná til ólíkra leikskóla og ættu niðurstöðurnar því að endurspeglar viðhorf breiðs hóps úr íslenskum leikskólum.

Tafla A.2. Bakgrunnur leikskóla

Aldur skóla	
Yngsti leikskólinn	5
Elsti leikskólinn	54
Meðalaldur leikskóla	20
Fjöldi nemenda	
Fámennasti leikskólinn	18
Fjölmennasti skólinn	190
Meðaltalsfjöldi	87
Starfsfólk	
Meðaltalsfjöldi með leikskólakennararéttindi	8
Meðaltalsfjöldi leiðbeinenda	9
Meðaltalsfjöldi með annað nám	2

Leikskólinn Sólborg í Reykjavík fékk styrk úr Þróunarsjóði leikskóla 2003 fyrir verkefnið **Gildi snemmtækrar íhlutunar fyrir málþroska tvítýngdra barna – heyrandi barna heyrnarlausra foreldra**. Markmið þróunarverkefnisins var að athuga hvort snemmtæk íhlutun í formi markvissrar málörvunar og foreldrasamstarfs skilaði heyrandi börnum heyrnarlausra foreldra bættum málþroska.

Lokaskýrslu verkefnisins má nálgast á vef RKHÍ
<http://rannsokn.khi.is/upplýsingavefur>

A. 3. Styrkir til þróunarverkefna í leikskólum

Í þessum kafla verður sagt frá þróunarverkefnum sem unnin hafa verið í leikskólum; á hvaða sviði verkefni eru, fjölda verkefna og vinnulagi við þróunarverkefni. Leikskólarnir 29 sem svöruðu spurningakönnuninni höfðu samanlagt fengið 55 styrki til þróunarverkefna og níu framhaldsstyrki. Flestir skólarnir (eða 18) höfðu hlotið einn styrk, en einn skóli hafði hlotið þrjú styrki. Eins og sjá má í töflu A.3 voru flest verkefni á sviði félagsfærni og samskipta (14%), málræktar (11%), náttúru og samfélags (11%), menningar og samfélags (9%) og skipulags starfs- og kennsluhátta (9%). Þróunarsjóður leikskóla auglýsti í fyrsta sinn eftir sérstökum forgangsverkefnum árið 2002. Þá voru forgangsverkefni tvítýngd börn – fjölmennningarlegur leikskóli og tölvur í leikskólastarfi. Árið 2003 var aftur tvítýngd börn – fjölmennningarlegur leikskóli auglýst forgangsverkefni ásamt verkefnum um samstarf leikskóla og foreldra. Eins og sjá má í töflu A.3 voru unnin verkefni á öllum námssviðum aðalnámsskrár leikskóla á tímabilinu 1998–2003.

Tafla A.3. Þróunarverkefni í leikskólum 1998–2003

	Hlutfall %	Fjöldi verkefna
Námssvið		
Náttúra og umhverfi	11	7
Málrækt	11	7
Menning og samfélag	9	6
Hreyfing	5	3
Myndsköpun	3	2
Tónlist	3	2
Námssvið samtals	42	27
Ýmis svið		
Félagsleg færni og samskipti	14	9
Skipulag starfs- og kennsluhátta	9	6
Foreldrasamstarf	9	6
Önnur verkefni	9	6
Upplýsingatækni	6	4
Sérkennsla	5	3
Fjölmenning	5	3
Stjórnun	0	0
Ýmis svið samtals	58	37
Alls	100%	64

Í helmingi tilvika (49%) áttu leikskólastjórar frumkvæði að þróunarverkefnum. Hópur kennara átti í þriðjungi tilvika frumkvæðið, næst komu einstakir kennarar (9%) og dæmi var um samvinnu tveggja kennara (2%). Frumkvæðið kom sjaldan frá öðrum en þessum hópum eða í 7% tilvika. Dæmi um frumkvæði frá utanaðkomandi aðilum var frá kennurum við Kennaraháskóla Íslands. Einnig urðu ný verkefni til í kjölfar eldri þróunarverkefna. Leikskólakennari með mikla reynslu af þróunarstarfi sagði frá því að í hennar leikskóla væru verkefni eða hugmyndir prufukeyrð áður en farið væri af stað með þróunarverkefni. Með þessu

gæti starfsfólkið áttað sig á viðhorfum til hugmyndarinnar, afskrifað hana eða sett kraft í hana og gert að þróunarverkefni.

Í viðtölunum kom einnig í ljós að þróunarferlið er í mörgum tilvikum lengra en eitt skólaár eins og styrkir úr Þróunarsjóði leikskóla eru miðaðir við. Í þeim tilvikum er mögulegt að fá framhaldsstyrk úr sjóðnum. Þróunarferlið virðist í mörgum tilfellum vera a.m.k. þrjú ár. Fyrsta árið fer í undirbúningsvinnu eins og að finna fræðileg skrif, lesa og halda fundi. Á öðru ári er verkefnið framkvæmt og að lokum kemur úrvinnsla, skýrslugerð og kynningar á niðurstöðum. Einn viðmælandinn sagði: „Ég held að tímalengdin, þrjú ár, hafi skipt sköpum. Ef þetta hefði verið eitt ár þá hefði það [verkefnið] dáíð. Við værum ekki komin svona langt ef þetta hefði ekki verið þriggja ára verkefni.“

Sé litið til vinnulags má sjá að flest verkefni voru unnin sem hópverkefni (41%) og sagði einn viðmælandinn frá því að leikskólinn hennar væri vanur samvinnu: „Starfsfólkið er vant að vinna bæði í svona liði, hópur saman þar sem eru tekin einhver ákveðin verkefni fyrir og endurbætt.“ Einnig voru þróunarverkefni í leikskólum unnin sem einstaklingsverkefni (25%) og í samvinnu við aðra leikskóla (23%). Einn viðmælandanna sagði frá því að leikskólinn hennar hefði unnið þróunarverkefni í samvinnu við tvo nágrannaleikskóla:

Það kom bara þannig til að ég og leikskólastjórinn vorum að spjalla ... almennt um þetta agaleysi sem viðgengst í þjóðfélaginu. Og þá sagði leikskólastjórinn: „Þurfum við ekki bara að fara í þróunarverkefni með agamál?“ Okkur leist bara vel á það og að það væri ekki vanþörf á og okkur fannst strax að þetti hlyti að vera stórt og viðamikl- ið verkefni þannig að við fengum tvo nágrannaleikskóla til að vera með okkur í þessu þannig að þetta eru þrjú leikskólar saman í þessu verkefni.

Minna var um aðra samvinnu utan leikskólans (8%) og í 3% tilvika var um að ræða samvinnu tveggja aðila innan leikskólans.

Þegar spurt var hvort þróunarstarfið í leikskólunum byggðist á rannsóknum kom í ljós að sú var raunin í rúmlega helmingi verkefnanna (55%) og voru það bæði íslenskar (38%) og erlendar (62%) rannsóknir. Leikskólastjóri með langa starfsreynslu sagði:

Það eru engar rannsóknir til á Íslandi um akkúrat þetta og það var alveg óskaplega erfitt að finna gögn ... Hún [verkefnisstjórinn] var mjög ötul í að finna okkur lesefni og var dugleg að leita á netinu, panta bækur og vera með allar klær úti til að finna í tímaritum erlendum sem skrifstofan er áskrifandi að og bara hjá vinum og kunningjum. Hún fann ótrúlega mikið efni en hafði mikið fyrir því.

Annar viðmælandi sem tekið hafði þátt í nokkrum þróunarverkefnum tók undir þessi sjónarmið og sagði skorta hagnýtar rannsóknir: „Við höfum leitað í önnur þróunarverkefni og séð hvernig aðrir gera þau og ... skoðað hvað aðrir eru að gera og erlendir fræðimenn, en svona hagnýtar leikskólarannsóknir eru ekki á hverju strái.“

Tæplega helmingur leikskólanna hafði fengið styrki úr öðrum sjóðum en Þróunarsjóði leikskóla fyrir þróunarverkefni sem unnin voru á tímabilinu 1998–2003. Þá kom í ljós að í um 30% tilvika höfðu leikskólar fengið synjun um styrk. Þeir sem höfðu fengið synjun voru í framhaldinu spurðir hversu oft umsóknum þeirra hefði verið synjað og að meðaltali hafði fimm umsóknum verið hafnað í hverjum skóla.⁵³ Þessar upplýsingar má sjá í töflu A.4.

Tafla A.4. Synjanir verkefna í leikskólum 1998–2003

Hve oft fengið synjun	Hlutfall	Fjöldi
Einu sinni	41%	7
2-5 sinnum	6%	1
6-9 sinnum	53%	9
Dreifing svara	Gildi	
Meðaltal synjana	5	
Flestar synjanir	8	
Fæstar synjanir	1	

⁵³ Vert er að taka fram að einungis 17 af 29 svörðuð þessari spurningu sem getur bent til þess að erfitt sé fyrir svarendur að meta þetta.

Mikil samkeppni er um styrki úr Þróunarsjóði leikskóla og var tæplega helmingi þeirra umsókna sem bárust sjóðnum á tímabilinu 1998–2003 hafnað. Í töflu A.5 má sjá yfirlit yfir úthlutun styrkja úr Þróunarsjóði leikskóla á árunum 1998–2003 eftir landshlutum.

Tafla A.5. Úthlutun styrkja til leikskóla eftir landshlutum

Landshluti	Fjöldi styrkja
Reykjanes	1
Höfuðborgarsvæðið	35
Vesturland	2
Vestfirðir	0
Norðurland vestra	0
Norðurland eystra	10
Austurland	0
Suðurland	3
Einstaklingar	7
Alls	58

Frá stofnun Þróunarsjóðs leikskóla árið 1989 hefur sjóðurinn haft u.þ.b. þrjár milljónir til umráða á ári. Á fyrstu þremur árunum sem rannsóknin nær til var að meðaltali úthlutað 390 þús. krónum til einstakra verkefna og var hæsta styrkveitingin 900 þús. krónur. Hins vegar voru úthlutanir fleiri og lægri á seinni þremur árunum. Á seinni hluta tímabilsins var að meðaltali úthlutað 210 þús. krónum og var hæsta styrkveitingin 500 þús. krónur. Árið 2004 var sótt um styrki að upphæð 42 milljónir í sjóðinn. Í viðtölunum kom fram óánægja með upphæð styrkveitinga og töldu viðmælendur sig lítið geta gert fyrir styrkina. Einn viðmælandi hafði þetta að segja: „Ef sjóðurinn væri öflugri hjá menntamálaráðuneytinu hefðu verkefnisstjórar miklu meiri tök á því að sinna þessu betur og vinna markvissar og vera ekki að ganga fram af sér.“

Í 25 leikskólum hafði verið unnið að verkefnum án þess að styrkir hefðu fengist til þess; yfirlétt voru það um það bil þrjú verkefni sem svarendur þekktu til en dæmi voru um allt að níu verkefni. Þetta má sjá nánar á töflu A.6.

Tafla A.6. Verkefni unnin í leikskólum en ekki styrkt

Verkefni unnin án styrkveitinga	Hlutfall	Fjöldi
Tvisvar eða sjaldnar	64%	3
3–5 sinnum	12%	5
10 sinnum eða oftar	24%	3
Dreifing svara:	Gildi	
Meðaltal synjana	3	
Flestar synjanir	9	
Fæstar synjanir	1	

Viðmælendurnir fimm virtust vera sammála um að styrkir væru mjög mikilvægir fyrir þróunarstarfið, en samt ekki alltaf frumforsaenda þess. Einn viðmælenda sagði:

Í leikskóla er duglegt fólk sem hefur mikinn metnað og mikinn áhuga og við göngum oft á okkur vegna þess að maður hefur ekki neinn extra tíma og engan tíma í þetta verkefni. Þetta er ofboðslega skemmtilegt og maður vill alls ekki vera án þess og þess vegna vill maður miklu frekar leggja þetta á sig.


Leikskólinn í Stykkishólmi fékk styrk úr Þróunarsjóði leikskóla 2003 fyrir verkefnið *Samstarf leik-, grunn- og tónlistarskóla með aðaláberslu á tónlist*. Samstarf á milli leikskólans og grunnskólans í Stykkishólmi hófst með sameiginlegri þátttöku skólanna í verkefninu *Brúum bilið*. Markmiðið með því var að stuðla að betri samfellu í skólagöngu barnanna. Hefur verkefnið þróast jafnt og þétt og nú einnig með þátttöku tónlistarskólans. Hugmyndafræðin að baki samstarfinu byggist á þeirri kenningu að áhrifin, þekkingin og hæfnin sem börnin öðlast í tónlistaruppeldinu færast yfir á annað nám, ekki síst grunnskólanám.

Lokaskýrslu verkefnisins má nálgast á vef RKHÍ
<http://rannsokn.khi.is/upplýsingavefur/>

A. 4. Kynning á verkefnum

Í þessum kafla verður sagt frá því með hvaða hætti þróunarverkefni voru kynnt innan leikskólans og utan. Kynning þróunarverkefna innan leikskólans fór oftast fram á skipulögðum foreldrafundum (90%), almennum starfsmannafundum (86%), kennarafundum (79%) eða á óformlegan hátt (t.d. í samtölum milli fólks) (93%) eins og sjá má nánar á mynd A.2. Þegar spurt var hverjir höfðu forgöngu að kynningarmálum mátti sjá að í flestum tilvikum höfðu leikskólastjórar (44%) eða einstaka kennarar (46%) sem unnu tiltekið verkefni forgöngu um kynningar innan skólans. Í tveimur tilvikum hafði viðkomandi skólaskrifstofa frumkvæði að kynningu. Á mynd A.2 má sjá hvernig kynning innan skólans fór fram. Þar sem leyfilegt var að merkja við allar þær kynningarleiðir sem við áttu eru hlutfallstölur hærri en 100%.


Mynd A.2. Kynning þróunarverkefna innan leikskólans



Kynning á verkefnunum utan skólans fór fram á ýmsan hátt. Algengastar voru kynningar á ráðstefnum og í öðrum leikskólum. Þá var mikið birt í bæði ritrýndum (46%) og óritrýndum fræðiritum (30%) og einnig nokkuð um útgáfu kennsluefnis (42%). Minna var um birtingar á formi veggspjalda á ráðstefnum eða birtingar á vefsíðum. Á mynd A.3 má sjá hvaða kynningarleiðir voru notaðar utan skólans. Hlutfallstölur eru samanlagt hærri en 100% vegna þess að merkja mátti við fleiri en eina kynningarleið.

Umfang kynninga á þróunarverkefnum var mjög misjafnt. Einn viðmælandi sagði frá því að þróunarverkefni sem hún hafði unnið að hefði fyrst og fremst verið kynnt fyrir foreldrum og starfsfólki leikskólans. Annar viðmælandi sagði að auk þátttöku í málþingi Rannsóknarstofnunar Kennaraháskóla Íslands og námsstefnum við Háskólann á Akureyri hefðu aðstandendur þróunarverkefnisins haldið tvær ráðstefnur fyrir foreldra

Mynd A.3. Kynning þróunarverkefna utan leikskólans



og fagfólk. Þriðji viðmælandinn greindi frá því að leikskólinn hennar hefði selt lokaskýrslu verkefnisins og haldið námskeið fyrir leikskólakennara af öðrum leikskólum. Auk þess hafa íslenskir leikskólar kynnt verkefni sín á erlendum grundu. Einn viðmælanda í þessari rannsókn hafði kynnt verkefnið sitt á evrópskri ráðstefnu og á norrænni vinabæjarráðstefnu. Leikskólinn hlaut einnig alþjóðleg verðlaun fyrir þróunarverkefnið.

Almennt má segja að þróunarverkefni sem unnin eru í leikskólum séu vel kynnt, bæði innan sem utan skólans. Athygli vekur að svo virðist sem jafn mikil áhersla sé lögð á kynningu til foreldra og innan skólans á þessu skólastigi en að tiltölulega lítil áhersla var lögð á að birta niðurstöður á vefsíðum skólanna.

Leikskólinn Álfheimar á Selfossi fékk styrk úr Þróunarsjóði leikskóla 2002 fyrir verkefnið *Út um mó, inn í skóg*. Tilgangur verkefnisins var að skipuleggja skólastarf með áherslu á útivist, náttúru og umhverfi. Einnig að nota upplýsingatækni til að hafa samskipti við börn í öðrum löndum og kynnast þannig lífi þeirra og umhverfinu sem þau búa í.


Lokaskýrslu verkefnisins má nálgast á vef RKHÍ
<http://rannsokn.khi.is/upplýsingavefur/>

A. 5. Hvatar og hindranir í þróunarstarfi

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir hvötum og hindrunum að nýbreytni- og þróunarstarfi í leikskólum. Svarendur voru beðnir að raða í mikilvægisröð nokkrum þáttum varðandi hvata til nýbreytni- og þróunarstarfs. Mynd A.4 sýnir hlutfall svarenda sem settu þessa þætti í fyrsta sæti. Þar má sjá að eldmóður og drifkraftur einstakra kennara eru oftast sett í fyrsta sæti eða í um 39% tilvika. Þannig spilar starfsánægja og hugsjón kennarans stórt hlutverk. Í innra umhverfi leikskólanna er það því oft þannig að áhugi á að efla starfið og metnaður fyrir hönd skólans er mesti hvatinn til nýbreytni- og þróunarstarfs. Leikskólastjóri sagði: „*Ætli það sé ekki bara þessi leit hjá stéttinni yfir höfuð til þróunar. Þörf á breytingum vegna breyttrar samsetningar þjóðfélagsins.*“

Ef forgangsröðun svarenda er skoðuð nánar má draga þá ályktun að styrkir til þróunarverkefna skipta alltaf máli þrátt fyrir að fáir hafi sett þennan hvata í fyrsta sætið. Sömu sögu er ekki að segja um gildi auglýstra forgangsverkefna en flestir svarendur settu þann lið í síðasta sæti eða merktu ekki við hann sem hvetjandi þátt.


Mynd A.4. Hvatar sem raðað var í fyrsta sæti í leikskólum í mikilvægisröð



Þessar niðurstöður forgangsröðunar koma heim og saman við niðurstöðu spurningar þar sem spurt var beinlínis að því hvort auglýst forgangsverkefni úr Þróunarsjóði leikskóla virka sem hvatning til þróunarstarfs. Um 66% svarenda svörðuðu spurningunni neitandi og töldu þau ekki vera hvatningu. Auk þess höfðu leikskólarnir aðeins sótt um styrk á sviði forgangsverkefna í 21% tilvika. Hins vegar er vert að geta þess að eingöngu 11% svarenda töldu auglýst forgangsverkefni fæla leikskóla frá því að sækja um styrk í Þróunarsjóð leikskóla. Í viðtölunum kom fram að þær aðstæður sem skólinn væri í og mat á skólastarfi væru einnig hvatar að þróunarstarfi. Einn viðmælandinn greindi frá því að þróunarverkefni yrðu oft til þegar starfsfólk leikskólans stæði frammi fyrir ákveðnum aðstæðum sem valda því að starfsfólkið fer og aflar sér þekkingar: „Maður stendur frammi fyrir einhverjum aðstæðum og maður veit ekki hvernig maður á að höndla þær. Og þá fer maður náttúrulega á stúfana og leitar sér þekkingar.“ Annar viðmælandi sagði frá því að hún hefði starfað í leikskóla sem hafði verið metinn af menntamálaráðuneytinu. Í kjölfarið var farið af stað með þróunarverkefni til að svara kröfu matsins um umbætur.

Líkt og þegar spurt var um hvata að nýbreytni- og þróunarstarfi voru svarendur beðnir að raða í forgangsröð nokkrum þáttum varðandi hindranir á nýbreytni- og þróunarstarfi. Í ljós kom að tímaskortur var í fyrsta sæti eða í um 62% tilvika. Mynd A.5 sýnir hlutfall svarenda sem settu mismunandi þætti í fyrsta sæti.

Mynd A.5. Hindranir sem raðað var í fyrsta sæti í leikskólum í mikilvægisröð



Varðandi tímaskortur í þróunarstarfi sagði einn viðmælandinn sem er aðstoðarskólastjóri: „*Tíminn, mörkin skapast af starfsmannafjölda sem fyrir er. Allt er niðurnjörvað í leikskólanum og erfitt ef út af ber í mannahaldi. Þá brynur þetta einhvernteginn eða tekur á sig nýja mynd um stundarsakir að minnsta kosti.*“ Fjárskortur virðist einnig eiga þátt í að hindra þróunar- og nýbreytnistarf í leikskólum og dæmi voru um það að starfsfólk leikskólanna hafi unnið að þróunarverkefnum í sjálfböðavinnu. Viðmælandurnir voru á einu máli um að styrkir til þróunarverkefna í leikskólum væru „*skammarlega*“ litlir. Viðmælandi sagði:

Og svo finnst mér þetta upphæðin, að það sé hægt að umbuna fólki fyrir vinnu sem það sannarlega vinnur. Svo finnst mér þetta líka spurning um viðhorf. Hvernig í ósköpunum á stétt að geta þróað sig sem rannsóknarstétt og stundað rannsóknir og rannsakað sín störf ef það er ekki litið á það sem eitthvert verðmæti?

Í einhverjum tilvikum virðist áhugaleysi vera hindrun á þróunarstarfi og sagði einn viðmælanda frá því að einstaka leikskólakennarar sæju ekki þá möguleika sem væru fyrir hendi. Einnig kom fram í viðtölunum að margir leikskólar hefðu lélega vinnuaðstöðu og væru jafnvel ekki nettengdir. Auk þess sögðu viðmælandur að skortur á fræðilegu lesefni á íslensku hefði áhrif á þróunar- og nýbreytnistarf í leikskólum. Mikill tími færi í að ræða erlent lesefni, þýða það og staðfæra sem er mjög óheppilegt þar sem tími og fjármagn er af skornum skammti. Einnig kom það fram í viðtölunum að kjarasamningar væru á vissan hátt hindrun. Kjarasamningurinn sem var í gildi á því tímabili sem rannsóknin náði yfir gerði ráð fyrir að mögulegt væri að sækja um fjármagn til sveitarfélaga fyrir verkefnastjóra. Hins vegar er víða pottur brotinn og veita sveitarfélög yfirleitt ekki fjármagn til verkefnastjóra. Einn viðmælanda sagði:

Já og þar sem það er mikill áhugi að efla starfið eins og er hér innanhúss er mikil sjálfböðavinna hérna bæði hjá skólastjórnendum og öðrum. Þú getur gert góð verkefni en ef þú vilt hafa þau framúrskarandi þá þarf að bæta við miklu af eigin tíma og það er það sem við viljum gera. Að gera það vel og vandað.

Af framansögðu er ljóst að eldmóður og drifkraftur einstakra kennara, starfsánægja og hugsjón eru mikilvægustu þættirnir sem hvetja til þátttöku í þróunarstarfi. Allir þessir þættir lúta að innra starfi skólans en ekki utanaðkomandi þáttum og því er greinilega mikilvægt að hlúa vel að starfsmönnum, efla áhuga þeirra og metnað fyrir hönd skólans. Á hinn bóginn var það helst tímaskortur starfsmanna sem og fjárskortur sem voru helstu hindranir á nýbreytni- og þróunarstarfi. Lítið má út af bera í mannahaldi og oft á tíðum er erfitt að finna tíma til að vinna að verkefnunum.

Margir leikskólar unnu að þróunarverkefnum þrátt fyrir að verkefnið væru ekki styrkt. Hve litlu fjármagni er varið til slíkra verkefna og hversu lágir einstaka styrkir eru hefur vafalaust áhrif á hvernig kennarar og skólastjórar hugsa um þróunarverkefni – þeir hugsa smátt. Einnig er það svo að þegar tiltekinn skóli er farinn af stað með þróunarverkefni og búinn að eyða orku í að skilgreina það og skipuleggja þá skiptir e.t.v. ekki öllu máli hvort hann fær engan styrk eða hér um bil engan styrk til að framkvæma verkefnið.

Leikskólarnir Sunnuból, Síðusel og Krógaból á Akureyri fengu styrk úr Þróunarsjóði leikskóla 2002 fyrir verkefnið *Lífsleikni í leikskóla*. Markmið með verkefninu er að efla síðferðisvitund barna og fullorðinna, í þeim tilgangi að verða bæði góð og fróð manneskja. Búin hafa verið til markmið fyrir bæði börn og kennara; til að kennarinn geti verið góð fyrirmynd þarf hann að setja sér markmið og þekkja sín viðhorf og sína síðferðislegu sýn. Allir hafa eitthvað gott til að bera og möguleika á að verða betri, markmiðið er að styðja við hið góða í einstaklingnum.

Lokaskýrslu verkefnisins má nálgast á vef RKHÍ
<http://rannsokn.khi.is/upplýsingavefur/>

A. 6. Hagnýting verkefna

Í þessum kafla ferður fjallað um hagnýtingu nýbreytni- og þróunarverkefna í leikskólum. Í viðtölunum voru viðmælendur almennt sammála því að þróunar- og nýbreytnistarf hefði jákvæð áhrif á starf leikskólanna og höfðu trú á varanlegum áhrifum þróunarstarfs á skólastarfið. Viðmælendurnir greindu frá því að þróunarverkefni skerptu markmið og stefnu leikskólanna og áttu jafnvel þátt í að móta skólastarfið. Einnig töldu viðmælendurnir þróunarstarf mikilvægt fyrir stétt leikskólakennara og það væri mikilvægt fyrir leikskólakennara að takast á við ný verkefni og kynnast nýjum stefnum og straumum. Viðmælandi sagði: „Ég myndi aldrei kæra mig um að vinna við stöðnun, ég vil að það sé endalaus þróun og ég vil að við fylgjumst vel með nýjum kenningum.“


Niðurstöður könnunarinnar styðja þau viðhorf sem komu fram í viðtölunum. Þegar spurt var hvort verkefni hefðu almennt náð að festast í sessi kom í ljós að í 89% tilvika höfðu öll þróunarverkefni náð að festa sig í sessi og í 11% tilvika flest verkefni (tafla A.7). Einn viðmælandinn taldi að það tæki verkefni nokkur ár að festast í sessi: „Allar breytingar þurfa sinn tíma ... Það er talað um í fræðunum að breyting á svona stað taki fimm til sjö ár. Að fá inn í sálina. Að fá inn í starfsgrundvöllinn þannig að hún sé komin til að vera.“

Tafla A.7. Innleiðing verkefna í starf leikskóla

	Hlutfall	Fjöldi
Öll verkefni	89%	25
Mörg eða flest verkefni	11%	3
Nokkur verkefni	0%	0
Ekkert verkefni	0%	0
Alls	100%	28

Í könnuninni var spurt hvort innleiðing verkefna hefði verið tímabundin eða varanleg og hvort slíkt hefði gerst í einni deild leikskólans eða á fleiri stöðum. Á mynd A.6 má sjá að í tæplega helmingi tilvika (47%) voru verkefni innleidd varanlega í skólastarfið. Niðurstöður úr þessari spurningu má sjá á mynd A.6 þar sem skoðuð er innleiðing 57 verkefna. Tölurnar sýna því fjölda verkefna en eru ekki hlutfallstölur.

Mynd A.6. Innleiðing verkefna í leikskólum á árunum 1998–2003



Margir leikskólar þurfa að glíma við hraða starfsmannaveltu og kom það fram í viðtölunum að hætta sé á því að þekking fari með starfsfólkinu. Einnig kom fram að í einhverjum tilvikum hafa þróunarverkefni lagst af þegar einhver úr starfsliðinu hættir störfum við leikskólann.

Viðmælendurnir töldu mikilvægt að útbúnaður væri leiðbeiningar tengdar verkefnum til þess að tryggja að þekkingin hverfi ekki út úr leikskólanum með starfsfólki sem hættir. Einnig töldu þeir mikilvægt að verkefni tengdust hugmyndafræði leikskólans og væru fléttuð inn í skólanámskrá og gæðahandbækur leikskólanna. Þannig væri hægt að stuðla að því að verkefni festist í sessi og séu samofin stefnu leikskólans: „*Þetta þróunarverkefni var unnið þannig frá upphafi að þegar það væri búíð, þá væri það ekkert búíð, heldur væri í sífellndri þróun.*“

Eins og fram hefur komið getur reynst erfitt að fjármagna þróunarverkefni. Styrkirnir eru fáir og lágir. Aðstoðarleikskólastjóri með reynslu af þróunarstarfi sagði:

Þegar við sóttum um rúma milljón ... reiknuðum við laun samkvæmt okkar launataxta. Engar ýkjur. Og þú getur séð afraksturinn okkar ... Við fengum 250 þús. krónur. Þannig að ég held að það hafi ekki verið hægt að gera neitt meira fyrir það en gert var.

Misjafnt var hvernig einstaka leikskólar nýttu það fjármagn sem þeim var úthlutað. Viðmælendurnir sögðust hafa nýtt styrki til fundahalds, skýrslugerða, vegna samstarfshópa, til þess að fjármagna útgáfu á kennsluleiðbeiningum og til bókakaupa. Leikskólastjóri sem hafði unnið að nokkrum þróunarverkefnum sagði: „*Mér finnst stundum það verða svolítið útundan að maður þarf að hafa aðgang að góðum fræðibókum ... Ísland er svo langt frá að þú labbar ekkert endilega út á bókasafn og finnur það sem þú ert að leita að.*“

Leikskólinn Lækjarborg í Reykjavík fékk styrk úr Þróunarsjóði leikskóla 2002 fyrir verkefnið *Fjölmenningarleikskóli*. Tilgangur verkefnisins var að starfið í leikskólanum endurspegli fjölmenningarlegt samfélag og að öll börn í leikskólanum njóti góðs af því.

Meginmarkmið:

- Að gera móðurmál og menningu tvítyngdra barna að virtum þætti í leikskólastarfinu
- Að öll börn í leikskólanum læri að fólk er mismunandi en samt jafn mikils virði
- Að starfsfólkið auki þekkingu sína og færni til að sinna fjölbreyttum hópi barna og foreldra

Lokaskýrslu verkefnisins má nálgast á vef RKHÍ
<http://rannsokn.khi.is/upplysingavefur/>

A. 7. Samantekt

Sjóðir

Þróunarsjóður leikskóla hefur verið starfræktur frá árinu 1989 og frá upphafi hefur sjóðurinn haft u.þ.b. þrjár milljónir til ráðstöfunar á ári. Viðmælendur voru sammála um að styrkir úr sjóðnum væru of litlir og fáir. Flestir skólarnir höfðu fengið einungis einn styrk á umræddu tímabili og enginn fleiri en þrjá. Tæplega helmingi umsókna sem bárust sjóðnum á árunum 1998–2003 var hafnað. Því hafði mörgum leikskólum í könnuninni verið synjað um styrki, og það alloft. Því höfðu nánast allir skólarnir unnið að þróunarverkefnum sem höfðu ekki verið styrkt. Mjög misjafnt er hvort og með hvaða hætti sveitarfélög veita leikskólum fjármagn til þróunarstarfs og standa leikskólar því ekki jafnfætis hvað það varðar.

Verkefni

Unnin voru verkefni á öllum sviðum Aðalnámskrár leikskóla á tímabilinu 1998–2003. Flest verkefni voru á sviði félagslegrar færni, málræktar, um náttúru og umhverfi, menningu og samfélag og skipulag starfs- og kennsluhátta. Frumkvæði að verkefnum lá í helmingi tilvika hjá skólastjórnendum en einnig oft hjá hópi starfsmanna.

Vinnulag

Mikill meirihluti verkefna (75%) var unninn í samstarfi. Algengasta formið var hópvinna innan skólans en einnig var um fjórðungur verkefna unninn í samvinnu við aðra skóla. Gerðar voru athugasemdir við að miðað sé við að verkefnum ljúki á einu skólaári þegar sótt er um styrk úr Þróunarsjóði leikskóla á meðan algengt er að þróunarferlið taki u.þ.b. þrjú ár. Fyrsta árið fer í undirbúningsvinnu, á öðru ári er verkefnið framkvæmt og að lokum kemur úrvinnsla, skýrslugerð og kynningar á niðurstöðum. Um helmingur verkefna var byggður á fyrri rannsóknum, oftast á erlendum en innlendum, og þótti almennt skorta hagnýtar rannsóknir í leikskólafræðum.

Kynningar

Almennt má segja að þróunarverkefni sem unnin eru í leikskólum séu vel kynnt, jafnt innan sem utan skólans. Innan leikskólans fóru kynningar fram á starfsmannafundum og foreldrafundum og einnig á óformlegan hátt (t.d. í samtölum milli fólks). Athygli vekur að svo virðist sem jafn mikil áhersla sé lögð á kynningu til foreldra og innan skólans á þessu skólastigi. Frumkvæði að kynningu verkefna innan skólans kom jafnt frá leikskólastjórum sem og einstaka kennurum sem unnu verkefni. Kynningar á verkefnum utan skólans voru oftast í formi kynninga á ráðstefnum og í öðrum skólum. Þá var nokkuð um birtingar bæði í ritrýndum og óritrýndum fræðiritum sem og í formi útgáfu kennsluefnis. Birtingar á vefsíðum voru fátíðar.

Hagnýting

Í langflestum tilvikum festust þróunarverkefni í leikskólum í sessi og í tæplega helmingi tilvika voru verkefni innleidd varanlega í skólastarfið. Mikilvægt er að gera ráðstafanir til þess að þekking hverfi ekki úr leikskólanum með starfsfólki sem hættir.

Hvatar

Eldmóður og drifkraftur einstakra kennara þótti mikilvægur hvati til þróunar- og nýbreytnistarfs. Hins vegar hvöttu auglýst forgangsverkefni Þróunarsjóðs leikskóla ekki sérstaklega til þróunarstarfs í leikskólum. Þættir sem lúta að innra starfi skólans en ekki utanaðkomandi þáttum eu greinilega mikilvægir eins og að hlúa vel að starfsmönnum, efla áhuga þeirra og metnað fyrir hönd skólans. Margir leikskólar unnu að þróunarverkefnum þrátt fyrir að verkefni væru ekki styrkt. Starfsfólk í þessum leikskólum taldi þróunarstarf það mikilvægt fyrir skólann að það vann að þróunarverkefni án þess að fá greitt fyrir það.

Hindranir

Tímaskortur starfsmanna virtist vera helsta hindrun til nýbreytni- og þróunarstarfs. Lítið má út af bera í mannahaldi og oft á tíðum var erfitt að finna tíma til að vinna að verkefnum.

Fylgiskjal B

Þróunarverkefni á grunnskólastigi

B. 1.	Inngangur.	171
	B. 1. 1. Grunnskólar á Íslandi	
	B. 1. 2. Þróunarsjóður grunnskóla	
	B. 1. 3. Framkvæmd	
B. 2.	Bakgrunnur.	173
B. 3.	Styrkir til þróunarverkefna í grunnskólum	174
B. 4.	Kynning og miðlun	177
B. 5.	Hvatar og hindranir	179
B. 6.	Hagnýting verkefna	181
B. 7.	Samantekt.	182

Töflur

Tafla B.1.	Þróunarsjóður grunnskóla 1998–2002	172
Tafla B.2.	Bakgrunnur svarenda í grunnskólum	173
Tafla B.3.	Bakgrunnur grunnskóla	174
Tafla B.4.	Þróunarverkefni í grunnskólum 1998–2002	175
Tafla B.5.	Aðrir sjóðir í grunnskólum 1998–2002.	175
Tafla B.6.	Synjanir styrkumsókna 1998–2002.	175
Tafla B.7.	Verkefni unnin en ekki styrkt	176
Tafla B.8.	Forgangsröðun helstu hvata í grunnskólum	179
Tafla B.9.	Hindranir í nýbreytni og þróunarverkefnum í grunnskólum	181
Tafla B.10.	Innleiðing verkefna 1998–2003 í starf grunnskólans.	182

Myndir

Mynd B.1.	Starfsfólk við kennslu í grunnskólum 2000–2004.	171
Mynd B.2.	Frumkvæði í nýbreytni- og þróunarverkefnum.	176
Mynd B.3.	Vinnulag í grunnskólum	177
Mynd B.4.	Forganga um kynningu verkefna innan grunnskóla	177
Mynd B.5.	Kynning verkefna innan grunnskólans.	178
Mynd B.6.	Kynning og miðlun verkefna utan grunnskólans	178
Mynd B.7.	Hvatar sem raðað var í fyrsta sæti í mikilvægisröð í grunnskólum	179
Mynd B.8.	Hindranir sem raðað var í fyrsta sæti í mikilvægisröð í grunnskólum	180
Mynd B.9.	Innleiðing verkefna í grunnskólum sem unnin voru 1998–2002	182

Þróunarverkefni á grunnskólastigi

Höfundar:

Sesselja Snævarr og Ingibjörg Kaldalóns

B. I. Inngangur

Í þessum kafla er fjallað um nýbreytni- og þróunarstarf í grunnskólum á Íslandi. Niðurstöður byggjast á rannsókn í meistaraþrófsverkefni þar sem kannað var hvað hvetur til nýbreytni- og þróunarstarfs í grunnskólum og hvernig opinberir styrkir nýtast í því samhengi.⁵⁴


Ýmsir sjóðir veita styrki til þróunarstarfs í grunnskólum. Dæmi um slíka sjóði eru Þróunarsjóður grunnskóla í menntamálaráðuneytinu, Verkefna- og námsstyrkjasjóður hjá Kennarasambandi Íslands og þróunarsjóðir einstakra sveitarfélaga, svo sem Þróunarsjóður grunnskóla Reykjavíkur. Í þessari skýrslu er stuðst við gögn um styrkveitingar til nýbreytni- og þróunarverkefna úr þessum sjóðum. Vegna þess hve hlutdeild Þróunarsjóðs grunnskóla er umfangsmikil á þessu sviði byggjast niðurstöður skýrslunnar fyrst og fremst á viðhorfi og reynslu styrkþega Þróunarsjóðs grunnskóla 1998–2002.

B. 1. 1. Grunnskólar á Íslandi

Haustið 2004 voru starfandi 178 grunnskólar á Íslandi, þar af 66 á höfuðborgarsvæðinu.⁵⁵ Grunnskólunum fækkaði um níu frá haustinu 2003; 14 skólar voru lagðir niður eða sameinaðir öðrum en fjórir nýir skólar tóku til starfa. Skráðir nemendur voru 44.637 (þ.m.t. 126 nemendur í 5 ára bekk) þar af 26.816 nemendur í grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu. Hafði nemendum fækkað um 290 frá síðasta skólaári.

Starfsfólk grunnskóla var 7.379 haustið 2004, þar af 4.725 við kennslu, og hafði starfsmönnum fækkað um 93 frá fyrra skólaári (18 starfsmenn við kennslu og 75 við önnur störf; 42 stöðugildi). Rúmlega 80% starfsfólks grunnskóla voru konur og fjölgar þeim enn í hópi grunnskólakennara, sem og þeim konum sem sinna starfi skólastjóra en þær eru nú 79 eða rúm 43% allra skólastjóra. Konur eru um 60% aðstoðarskólastjóra og tæp 83% deildarstjóra. Á mynd B.1 má sjá skiptingu starfsfólks við kennslu í grunnskólum eftir starfsréttindum en starfsfólki við kennslu án kennsluréttinda fækkaði verulega milli ára 2003 og 2004.

Mynd B.1. Starfsfólk við kennslu í grunnskólum 2000–2004



⁵⁴ Sesselja Snævarr. 2004. „Það er bara andinn hér í húsinu.“ Nýbreytni- og þróunarstarf í grunnskólum. Óbirt meistara-ritgerð, Kennaraháskóli Íslands. 103 bls.

⁵⁵ Hagstofa Íslands (2005). Skólamál, í *Hagtíðindum*. <http://hagstofa.is>

B. 1. 2. Þróunarsjóður grunnskóla

Ákvæði um Þróunarsjóð grunnskóla í grunnskólalögum er að finna í 1. mgr. 50. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995 og í reglum um sjóðinn nr. 675/1996. Þar með er staðfest skylda ríkisins til að veita árlega fé til þróunarverkefna í grunnskólum (Lög um grunnskóla nr. 66/1995, 50. gr.):

50. gr. Kennarar og skólustjórar grunnskóla skulu, auk námsleyfa, sbr. 25. gr., eiga kost á endurmenntun í þeim tilgangi að efla starfshæfni sína, kynnast markverðum nýjungum í skóla- og uppeldismálum og njóta stuðnings við nýbreytni- og þróunarstörf. Til þessa verkefnis skal árlega veitt fé á fjárlögum. Að frumkvæði skólustjóra mót- ar hver skóli áætlun um hvernig endurmenntun starfsfólks hans skuli hagað svo að hún sé í sem bestu samræmi við þær áherslur sem fram koma í skólanámskrá.

Þróunarsjóður grunnskóla var stofnaður árið 1989 á grundvelli ofangreindrar lagagreinar og hefur verið veitt fé til hans í fjárlögum hvers árs. Honum er ætlað það meginhlutverk að hvetja til nýbreytni og nýjunga í skólastarfi eins og fram kemur í reglum um sjóðinn, nr. 657/1996. Í 1. gr. í reglum um þróunarsjóðinn er einnig nánar gerð grein fyrir markmiðum sjóðsins:

Menntamálaráðherra veitir árlega fé úr Þróunarsjóði grunnskóla til styrktar þróunarverkefnum í grunnskólum landsins. Með þróunarverkefnum er átt við nýjungar, tilraunir og nýbreytni í skipulagi náms, kennsluháttum, kennslu, námsgögnum, námsmati í grunnskólum og mati á skólastarfi.

Úthlutað hefur verið úr Þróunarsjóði grunnskóla frá árinu 1989. Núgildandi reglur sjóðsins eru frá 1996. Samkvæmt reglum sjóðsins er árlega auglýst eftir umsóknum um styrki og styrkir veittir til grunnskóla á ýms- um sviðum á grundvelli umsókna frá skólum og öðrum stofnunum. Styrkirnir eru styrkir veittir til eins árs í senn. Auglýst hafa verið viss forgangsverkefni við úthlutun styrkja úr Þróunarsjóði grunnskóla í þeim til- gangi að styrkja ákveðin námssvið eða námsgreinar, sem ástæða hefur þótt til að styrkja sérstaklega hverju sinni. Ráðgjafarnefnd fer yfir umsóknir og gerir tillögur til menntamálaráðherra um úthlutun. Á árunum 1998–2002 bárust árlega 52–76 umsóknir um styrki til verkefna með kostnaðaráætlanir á bilinu 40–90 millj- ónir. Flestar umsóknir bárust árið 2002 eða um 76 verkefni og voru kostnaðaráætlanir þeirra samanlagt um 90 milljónir. Á hverju ári var úthlutað úr sjóðnum 10–11 milljónum til 20–32 verkefna. Flestir styrkir voru veittir 2001 (32) og næst flestir 2002 (27).⁵⁶

Í töflu B.1 eru nánari upplýsingar um úthlutanir úr Þróunarsjóði grunnskóla 1998–2002.

Tafla B.1. Þróunarsjóður grunnskóla 1998–2002

Umsóknarár	Fjöldi umsókna	Fjöldi samþykktra (millj. kr.)	Sótt um alls (millj. kr.)	Úthlutað alls
1998	74	25	76	11,0
1999	52	20	60	9,7
2000	55	24	44	10,4
2001	63	32	60	11,0
2002	76	27	90	11,2
Alls	320	128	330	53,3

B. 1. 3. Framkvæmd

Gögnum var safnað með spurningalistum annars vegar og viðtölum hins vegar. Gerð var póstkönnun í apríl og maí 2004 þar sem spurningalisti var sendur til grunnskóla sem höfðu fengið styrki úr Þróunarsjóði grunnskóla, Verkefna- og námsstyrkjasjóði Kennarasambands Íslands og Þróunarsjóði grunnskóla Reykjavíkur á ár- unum 1998–2002.

Spurningalistar

Spurningalistar voru sendir í alls 82 skóla sem höfðu fengið styrk úr Þróunarsjóði grunnskóla í menntamála- ráðuneytinu. Svör bárust frá 50 skólum og er svarhlutfall 61%. Einnig voru sendir spurningalistar til 33 styrk- þega Verkefna- og námsstyrkjasjóðs Kennarasambands Íslands og Þróunarsjóðs grunnskóla Reykjavíkur. Frá

⁵⁶ <http://www.menntamalaraduneyti.is>

Þeim bárust samtals svör frá 16 styrkþegum sem gefur 48% svarhlutfall innan þess hóps. Samtals bárust því 66 svör styrkþega úr öllum þremur sjóðum og var heildarsvarhlutfall því 57%. Í spurningalistanum var, auk bakgrunnsupplýsinga, spurt um umfang og eðli nýbreytni- og þróunarstarfs í skólunum, kynningu og miðlun verkefna, vinnuferli og hagnýtingu verkefna.

Viðtöl

Tekin voru níu viðtöl í fimm skólum við fjóra skólastjóra, einn aðstoðarskólastjóra og fjóra kennara. Í viðtölum var eingöngu rætt við styrkþega úr Þróunarsjóði grunnskóla. Rætt var bæði við skólastjóra og kennara í þremur skólum, skólastjóra og aðstoðarskólastjóra í einum skóla og loks var rætt við einn kennara í einum skóla. Í hópi viðmælenda voru fjórar konur og fimm karlmenn. Voru viðmælendur valdir með tilliti til þess að þeir hefðu verið þátttakendur í eða átt frumkvæði að nýbreytni- eða þróunarverkefnum í grunnskólum. Upplýsinga um þróunarverkefni og styrkþega var aflað úr gögnum um Þróunarsjóð grunnskóla í menntamálaráðuneytinu. Leitast var við að fá viðmælendur úr ólíkum skólum sem höfðu unnið að ólíkum verkefnum.

Stuðst var við sama viðtalsramma í öllum viðtölunum. Spurt var um vinnuferli og bolmagn í nýbreytni- og þróunarstarfi og hagnýtingu verkefna. Sérstaklega var spurt um hvata, hvernig hefði gengið að festa þau í sessi og miðla til annarra og hvernig unnt sé að efla nýbreytni- og þróunarstarf í grunnskólum enn frekar.

B. 2. Bakgrunnur

Eins og áður kom fram bárust svör frá samtals 66 grunnskólum. Í 70% tilvika svöruðu skólastjórar, 20% aðstoðarskólastjórar, 5% kennarar og 6% deildarstjórar. Í töflu B.2 má sjá nánari upplýsingar um þá sem svöruðu spurningalistum í sínum skóla.

Tafla B.2. Bakgrunnur svarenda í grunnskólum

	Hlutfall %	Fjöldi
Kyn		
Karlar	42	27
Konur	58	38
Aldur		
Yngri en 45 ára	32	19
46–55 ára	41	24
56 og eldri	27	16
Menntun		
Kennarapróf og leikskólakennarapróf	11	7
B.Ed.	17	11
B.A. eða B.S.	6	4
Uppeldis- og kennslufræði	1	1
Framhaldsnám	65	43
Starfsreynsla		
1–10 ár	8	6
10–20 ár	36	22
21–30 ár	33	20
31 ár eða lengri	23	14

Með starfsreynslu er átt við heildarstarfsreynslu hvort sem um var að ræða skólastjóra, aðstoðarskólastjóra, kennara eða leiðbeinanda. Að meðaltali var starfsreynsla svarenda um 22 ár og meðalaldur um 50 ár. Af þessum upplýsingum um bakgrunn svarenda má ráða að um fjölbreyttan hóp er að ræða hvað varðar aldur og starfsreynslu. Meirihluti svarenda eru konur eða um 58% og menntunarstig var hátt en um 65% höfðu framhaldsnám á háskólastigi að baki.

Af þeim 66 skólum sem svöruðu spurningalistum var rúmlega helmingur á höfuðborgarsvæðinu og rúmur þriðjungur í þéttbýli á landsbyggðinni. Um það bil 15% svara komu frá skólum í dreifbýli. Meðalfjöldi nemenda þessara skóla var 382. Breiddin á fjölda nemenda var hins vegar mjög mikil þar sem fámennasti skólinn hafði 32 nemendur og sá fjölmennasti um 800 nemendur. Í töflu B.3 má sjá þessar upplýsingar ásamt fleirum um bakgrunn skólanna.

Tafla B.3. Bakgrunnur grunnskóla

Staðsetning skóla	Fjöldi (%)
Í dreifbýli	10 (15%)
Í þéttbýli úti á landi	24 (36%)
Höfuðborgarsvæði	32 (49%)
Aldur skóla:	Árafjöldi
Yngsti	3 ár
Elsti	130 ár
Meðaltal	49 ár
Nemendafjöldi skóla:	Fjöldi nemenda
Fámennasti skólinn	32 nemendur
Fjölmennasti skólinn	800 nemendur
Meðaltalsfjöldi	330 nemendur

Sjá má af framangreindu að um fjölbreyttan hóp fólks er að ræða og skólarnir misjafnir að stærð og staðsetningu sem gefur fyrirheit um að niðurstöður þessarar skýrslu endurspegli viðhorf breiðs hóps úr íslenskum grunnskólum.

Þróunarverkefni um lífsleikni í Ártúnsskóla 2001–2002

Í maí 2001 var þróunarverkefnið kynnt öllu starfsfólki Ártúnsskóla. Hugmyndin féll strax í góðan jarðveg og naut mikils stuðnings alls starfsfólks. Í upphafi skólaárs lágu fyrir loka- og þrepamarkmið í lífsleikni fyrir alla árganga skólans sem unnið hefur verið eftir. Reglulegir kynningarfundir voru haldnir fyrir starfsfólk. Í stefnu Ártúnsskóla er lögð sérstök áhersla á að efla og treysta félagsvitund og frumkvæði nemenda, styrkja sjálfsmynd þeirra og sjálfstæði. Til að tengja lífsleikniáætlunina enn frekar við stefnu skólans var skólaárinu skipt í u.þ.b. tveggja mánaða tímabil þar sem unnið var með ákveðin þemu sem tengd eru inn í allar námsgreinar.

http://www3.menntamalaraduneyti.is/afgreidsla/sjodir-og-eydublod/Throunarsjodur_grunnskola/nr/230

B. 3. Styrkir til þróunarverkefna í grunnskólum

Í þessum kafla verður greint frá áherslusviðum í nýbreytni- og þróunarverkefnum í grunnskólum sem styrkt voru á árabílinu 1998–2002, aðgengi að styrkjum, vinnulagi og frumkvæði að verkefnum.

Samanlagt höfðu styrkþegar sem tóku þátt fengið 160 styrki til þróunar- og nýbreytnistarfa á árunum 1998–2002 og af þeim voru 38 framhaldsstyrkir. Að meðaltali voru þetta 2,5 styrkir á hvern skóla. Langflestir höfðu fengið styrk einu sinni eða tvisvar en einn skóli hafði verið styrktur 15 sinnum. Í töflu B.4 má sjá þau svið sem þróunarverkefni snertu. Þannig voru tæp 60% verkefna í námsgreinum grunnskóla en um 40% á öðrum sviðum.

Flestir styrkir voru á sviði lífsleikni, íslensku, stærðfræði, upplýsinga- og tæknimenntar, foreldrasamstarfs, félagslegrar færni og samskipta. Er það í samræmi við auglýst forgangsverkefni og áherslur í úthlutun úr Pró-

Tafla B.4. Þróunarverkefni í grunnskólum 1998–2002

	Hlutfall %	Fjöldi verkefna
Námsgreinar grunnskóla		
Lífsleikni og samfélagsgreinar	15	24
Íslenska (lestur meðtalinn)	10	16
Upplýsinga- og tæknimennt	9	14
Náttúrufræðigreinar	8	12
Stærðfræði	7	11
Listgreinar	6	9
Erlend tungumál	5	8
Heimilisfræði	1	1
Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði	0	0
Námsgreinar grunnskóla alls	59	95
Ýmsar greinar		
Skipulag á starfs- og kennsluháttum innan skólans	18	28
Foreldrasamstarf	6	9
Félagsleg færni og samskipti	5	8
Önnur verkefni (umhverfismat, mat á skólastarfi, samstarf grunnskóla, nemendalýðræði, sérkennsla, námskrárgerð)	4	7
Stjórnun	3	5
Sérkennsla	3	5
Nýbúafræðsla/fjölmennung	2	3
Ýmsar greinar alls	41	65
Alls	100%	160

unarsjóði grunnskóla 1998–2002. Framhaldsstyrkir voru flestir árið 2002. Flestir framhaldsstyrkir voru veittir til lífsleikni, íslensku og næst komu upplýsinga- og tæknimennt og stærðfræði.

Spurt var hvort skólar hefðu fengið styrk úr öðrum sjóðum en þeim sem könnunin náði til. Um 20% þeirra skóla sem svöruðu spurningalistum fengu einnig styrki úr öðrum sjóðum á tímabilinu 1998–2002 eins og tafla B.5 sýnir. Þá hafði tæplega helmingur aðspurðra sótt um styrk á sviði auglýstra forgangsverkefna.

Tafla B.5. Aðrir sjóðir í grunnskólum 1998–2002

	Hlutfall %	Fjöldi
Fengið styrki úr öðrum sjóðum	19	11
Fengið synjun við styrkumsókn	48	28
Unnið verkefni sem ekki voru styrkt	62	41
Sótt um styrk á sviði forgangsverkefna	48	28

Um helmingur skólanna sem sótti um styrki á tímabilinu hafði fengið synjun. Að meðaltali höfðu skólar fengið synjun um styrkumsóknir 2,2 sinnum, en helmingur skólanna fengið neitun einu sinni. Þetta má sjá nánar í töflu B.6.

Tafla B.6. Synjanir styrkumsókna 1998–2002

Hve oft fengið synjun	Hlutfall %	Fjöldi
Einu sinni	52	30
2–5 sinnum	45	26
6–9 sinnum	3	2
Alls	100%	58
Meðaltal synjana	2,2	


Töluvert var um að skólar ynnu að nýbreytni- og þróunarverkefnum sem ekki voru styrkt eða um 62% þannig að styrkir virðast ekki í öllum tilfellum vera forsenda fyrir nýbreytni- og þróunarstarfi. Í flestum tilvikum höfðu aðspurðir unnið verkefni án styrkja tvisvar eða sjaldnar en dæmi var um að skóli hefði unnið að níu þróunarverkefnum sem ekki fengu styrki. Í töflu B.7 er yfirlit yfir fjölda verkefna sem voru ekki styrkt á tímabilinu 1998–2002.

Tafla B.7. Verkefni unnin en ekki styrkt

Verkefni unnin án styrkveitinga	Hlutfall %	Fjöldi
Tvisvar eða sjaldnar	68	28
3-5 sinnum	25	10
10 sinnum eða oftar	7	3
Alls	100%	41
Meðaltal unninna verkefna, óstyrktra	2,3	

Skólastjórar höfðu oftar forgöngu í nýbreytni- og þróunarstarfi. Frumkvæði var í 38% tilvika hjá skólastjóra, hjá hópi kennara í 28% tilvika en einungis í 14% hjá einstökum kennurum eins og sjá má á mynd B.2.

Mynd B.2. Frumkvæði í nýbreytni- og þróunarverkefnum




Unnt var að greina tvenns konar meginálgaðir í nýbreytni- og þróunarstarfi í þeim fimm skólum þar sem viðtöl voru tekin. Annars vegar er um að ræða einstaklingsmiðaða nálgun og drifkraft einstakra kennara og hins vegar heildræna nálgun með þátttöku flestra eða allra. Í fyrra tilvikinu var frumkvæðið frekar hjá einstökum kennurum en í hinu síðara hjá stjórnendum. Í heildrænni nálgun í nýbreytni- og þróunarstarfi virtist vera meira um stærri, langtíma þróunarverkefni en minna um einstök nýbreytniverkefni. Oftast virtist vera um að ræða heildræna nálgun í þróunarstarfi þegar skólastjóri átti frumkvæðið og skólinn leitaðist við að vinna sem ein heild með ákveðna sýn og markmið að leiðarljósi, svo sem betri árangur í námi, jákvæðara vinnuumhverfi og skólabrag, minni árekstra í skólasamfélaginu.

Hvatning og stuðningur skólastjóra skiptir miklu máli eins og fram kom í máli kennara sem eru frumkvöðlar í nýbreytni- og þróunarstarfi í sínum skólum: „Hann hvatti mig áfram og hann hvatti kennara til að hlusta á mig af því að ég kom með nýja rödd.“ Annar nefndi mikilvægi þess að hafa „frítt spil“ og geta fengið að gera það sem hann hefur langað til og að hafa verið treyst fyrir því. Annað dæmi um mikilvægi þess að skólastjórnundur leitist við að skapa tækifæri í samráði við kennara: „Það þarf líka að gefa fólki bara svölítið frjálssar hendur og ég held að almennt, af því að kennarar eru vanir því – eru svölítið þannig að þeir rekast ekkert vöðva vel – svölítið erfitt að halda þeim í réttinni.“

Ef horft er frá frumkvæði og litið til vinnulags nýbreytni- og þróunarverkefna má sjá að bróðurpartur þeirra

var unninn í samvinnu margra innan skólans. Nokkuð var um samvinnu milli skóla. Þetta má sjá á mynd B.3 en myndin sýnir hlutfall verkefna sem unnin eru með tilteknu vinnulagi.

Mynd B.3. Vinnulag í grunnskólum




Til þess að unnt sé að skapa skólamenningu sem byggist á jákvæðu samstarfi meðal starfsfólks er „*andinn í húsinu*“ mikilvægur og hefur áhrif sem hvati eins og fram kom hjá einum viðmælanda þegar spurt var hvort hvati hafi verið bundinn einstaklingum: „*Hann hefur örugglega verið það – en ég hugsa að það sé meira bundið þessu viðhorfi – í fyrsta lagi þá hefur það verið sko andinn hér í húsinu.*“


B. 4. Kynning og miðlun

Eins og með frumkvæði að verkefnum höfðu ýmist skólastjórar eða einstakir kennarar forgöngu um kynningu verkefna innan skólans (mynd B.4).

Mynd B.4. Forganga um kynningu verkefna innan grunnskóla




Á mynd B.5 má sjá að kynningar innan skólans voru algengastar á skipulögðum kynningarfundum eða almennum starfsmannafundum og á skipulögðum kynningarfundum fyrir foreldra auk þess sem nokkrir nefndu kynningar á vefsíðu eða heimasíðu skólans undir liðnum annað. Merkja mátti við allar þær kynningarleiðir sem við áttu svo samanlagt hlutfall getur verið hærra en 100.

Mynd B.5. Kynning verkefna innan grunnskólans

Í viðtölum kom fram að misjafnt var hvernig og hvort nýbreytni- og þróunarverkefni væru kynnt innan skóla og utan. Algengast er að viðkomandi hafi verið beðin/beðinn að halda námskeið í öðrum skólum eða á fundum fyrir starfsfélaga. Nokkrir höfðu kynnt verkefni á árlegu málþingi Rannsóknarstofnunar Kennaraháskóla Íslands (RKHÍ) en almennt var engin regla á því né heldur hvort menn höfðu almennt sótt málþingin.

Algengasta kynningarform utan skólans voru erindi á ráðstefnu (t.d. Málþingi RKHÍ og haustfundum grunnskólakennara), kynningar á vefsíðu og í öðrum skólum. Ekki virtist mikið um að verkefni væru kynnt í blöðum eða fag tímaritum. Þó kom fram í viðtölum að í einstaka tilvikum voru verkefni kynnt í stéttarfélagblaði eða í dagblöðum. Í einu tilviki var gefin út bók sem var kynnt og seld á námskeiðum. Í öllum tilvikum voru verkefni kynnt lauslega á heimasíðum skólanna þar sem slík síða var fyrir hendi. Þessar niðurstöður úr viðtölunum eru í samræmi við niðurstöður úr könnuninni en samkvæmt henni voru kynningar algengastar í formi erinda á ráðstefnu, kynninga á vefsíðum og loks kynninga í skólum og að ekki sé mikið um kynningar í fræðiritum (mynd B.6). Merkja mátti við allar þær kynningarleiðir sem við áttu svo samantlagt hlutfall getur verið hærra en 100.

Mynd B.6. Kynning og miðlun verkefna utan grunnskólans

Að mati viðmælanda kosta kynningar og miðlun nýbreytni- og þróunarverkefna mikla vinnu við frágang og undirbúning, sem kennarar eru almennt ekki tilbúnir í að inna af hendi. Það á til dæmis við um undirbúning að kynningu á árlegu málþingi RKHÍ.


Almennt voru nýbreytni- og þróunarverkefni viðmælenda ekki byggð markvisst á rannsóknum eða á fræðilegum grunni. Þó eru á því undantekningar. Í einu tilviki byggðist þróunarverkefni á ákveðnum kenningum og kerfi sem þróað hefur verið á fræðilegum grunni um árabil. Í könnunum kom hins vegar fram að álíka margir hafa byggt nýbreytni- og þróunarstarf á rannsóknum og þeir sem ekki hafa gert það en 34 svöruðu því játandi og 28 neitandi. Þegar byggt var á rannsóknum var ýmist um íslenskar (46%) eða erlendar (55%) rannsóknir að ræða.

Styrkmöguleikar virðast ekki vera miklir í grunnskóla þar sem 47% styrkþega höfðu fengið synjun og einungis 19% höfðu fengið styrki úr öðrum sjóðum. Töluvert var um að skólar ynnu slík verkefni án þess að fá styrk eða um 62%. Greinilegt var að stuðningur og hvatning skólastjóra er mikilvæg í nýbreytni- og þróunarstarfi. Ekki virtist vera rík hefð fyrir kynningum á verkefnum í rituðu formi en meira á óformlegan hátt innan skóla, á milli skóla og á málþingum og vefsíðum.

B. 5. Hvatar og hindranir

Eitt af markmiðum úttektar á sviði fræðslu- og menntamála er að kanna hvað hvetur til nýbreytni- og þróunarstarfs með það að leiðarljósi að auka skilning á mikilvægi rannsókna og til að efla nýbreytni- og þróunarstarf. Ef lítið er á niðurstöður úr forgangsröðun svarenda um hver sé helsti hvati til nýbreytni- og þróunarstarfs í skólanum kom í ljós að flestir (58%) merktu við eldmóð og drifkraft einstakra kennara og 25% merktu við hugsjón. Fæstir merktu við auglýst forgangsverkefni (0%). Á mynd B.7 má sjá röðun svarenda um hvata eftir mikilvægi þeirra. Myndin sýnir hve algengt var að viðkomandi atriði væri raðað í fyrsta sæti í mikilvægisröð.

Mynd B.7. Hvatar sem raðað var í fyrsta sæti í mikilvægisröð í grunnskólum



Hvatar til nýbreytni- og þróunarstarfs virtust vera persónubundnir og tengdir starfsánægju kennara. Styrkir skiptu einnig miklu máli þótt þeir væru ekki grundvallarforsenda. Framhaldsnám og símenntun skiptu einnig máli þótt á annan hátt væri. Í töflu B.8 má sjá hvernig þessum atriðum var raðað í forgangsröð um hvata.

Tafla B.8. Forgangsröðun helstu hvata í grunnskólum

	Oftast í ...
Eldmóður og drifkraftur kennara	1. sæti
Hugsjón	1. sæti
Starfsánægja	2. og 3. sæti
Framhaldsnám og símenntun	4. sæti
Styrkir	5. sæti
Auglýst forgangsverkefni	6. sæti

Starfsánægja grundvallast á trausti, frelsi, sveigjanleika og ábyrgð og kristallast ekki síst í ánægðari nemendum og von um betri árangur í námi. Hún felst einnig í frelsi til að þróa eigin hugmyndir í því skyni að bæta kennslu eða kennsluskipan eins og fram kom hjá nokkrum kennurum:

- Andinn í húsinu hvetur meira en annað og að vinna með áhugasömu fólki.
- Að hafa „frítt spil“ og geta fengið að gera það sem mann hefur langað til og að hafa verið treyst fyrir því og svo held ég nú líka bara það sé að mér leiðist voða mikið að gera það sama.
- Já, það er eiginlega – ja, ég verð óróleg ef það er komin of mikil kyrrstaða.

Eftirfarandi ber einnig vott um starfsánægju sem hvata, mikilvægi skólastjóra og samvinnu kennara í því samhengi:

Það hefur yfirleitt verið svo skemmtilegt í vinnunni þegar við erum að vinna svona saman og það kemur svona þessi eldmóður. Hann [skólastjórinn] nær svona að koma okkur svolítið á flug og við komumst öll á flug og við erum alveg tilbúin til þess að vinna af því að það er gaman í vinnunni.

Þótt styrkir séu ekki beinn hvati til nýbreytni- og þróunarstarfs eru þeir forsenda hvað varðar möguleika til að greiða fyrir vinnuframlag kennara utan samningsbundins vinnutíma og mikilvæg umbun og viðurkenn-ing. Þar sem mikið er um einstaklingsmiðuð nýbreytniverkefni eru dæmi um að kennarar séu hvattir til að sækja um styrki í þróunarsjóðinn þegar verkefnið er þegar hafið: „Þannig að við fáum einhverja viðbót til að greiða alla þessa vinnu sem fólkið er að vinna.“


Í skóla nokkrum þar sem kennarar hafa yfirleitt átt frumkvæði að nýbreytniverkefnunum kvaðst skólastjóri geta veitt kennurum mikla hvatningu en lítinn fjárhagslegan stuðning. Styrkirnir gerðu því vissulega gagn, reyndar ekki fyrir heildina heldur fyrir einstaklingana. „Styrkir eru eiginlega algjör forsenda,“ sagði skólastjóri sem stýrt hefur viðamiklu heildrænu verkefni í sínum skóla til margra ára: „Þetta [þróunarverkefnið] hefði eiginlega verið hálfvonnlítið án styrkja. Fjárstyrkurinn fór að mestu í að greiða vinnu utan dagvinnu og til ráðgjafa.“

Í viðtölum kom fram að einn kennari taldi framhaldsnám fyrir kennara vera mikinn hvata til að vinna „öðruvísi“. Þeir kennarar sem hefðu farið í slíkt nám væru miklu frekar líklegir til að vinna þannig.

Af þeim skólum sem svöruðu höfðu 28 skólar, eða 48%, sótt um styrki á sviði auglýstra forgangsverkefna. Þrátt fyrir að auglýst forgangsverkefni hafi ekki verið sett í forgang yfir atriði sem hvetja til þróunarstarfs sagði ríflega helmingur aðspurðra (57%) að auglýst forgangsverkefni hefðu verið hvatning til að sækja um. Einnig kom fram að um 80% styrkþega töldu auglýst forgangsverkefni ekki fæla sérstaklega frá því að sækja um. Dæmi voru um viðleitni til að laga verkefni, sem unnið hafi verið við í skólanum í einhvern tíma, að úthlutunarreglum þróunarsjóðsins, svo sem forgangsverkefnum sem auglýst voru.

Á sama hátt og í spurningunni um helstu hvata að nýbreytniverkefnum voru þátttakendur spurðir um helstu hindranir. Spurt var um fimm þætti sem raða átti í mikilvægisröð. Sem fyrr sýnir myndin B.8 hve algengt var að viðkomandi atriði væri raðað í fyrsta sæti í mikilvægisröð.

Mynd B.8. Hindranir sem raðað var í fyrsta sæti í mikilvægisröð í grunnskólum



Afgerandi meirihluti svarenda taldi tímaskort vera meginhindrun í nýbreytni- og þróunarstarfi í grunnskólum og því næst fjárskort. Í töflu B.9 má sjá hvernig þessum atriðum var raðað í forgangsörð um hindrun. Áhugaleysi var oftast sett í 5. sæti sem ætti ekki að koma á óvart í ljósi niðurstaðna um forgangsörðun um mesta hvata.

Tafla B.9. Hindranir í nýbreytni og þróunarverkefnum í grunnskólum

	Oftast í ...
Tímaskortur	1. sæti
Fjárskortur	2. sæti
Ónóg þjálfun	2. og 5. sæti
Kjarasamningar	3. sæti
Áhugaleysi	5. sæti

Þessar niðurstöður eru í samræmi við að styrkir séu oftast notaðir til að greiða kennurum laun eins og fram kom í viðtölum. Misjafnt er hvernig og hvort ákvæði í kjarasamningum kennara frá 2001 um viðbótarvinnutíma hefur markvisst verið nýtt í nýbreytni- og þróunarstarfi. Að mati skólastjóra og kennara í viðtölum þarf vinnutímaákvæði í kjarasamningum meiri tíma til að þróast í þá átt að nýtast betur í markvissu þróunarstarfi enda tiltölulega nýtilkomið. Kennarar og skólastjórar vildu almennt sjá breytingu á vinnutíma kennara í þá veru að meiri tíma væri varið í nýbreytni- og þróunarvinnu á kostnað kennsluskyldu.

Þegar á heildina er litið virðist hvatning til nýbreytni- og þróunarstarfs vera persónubundin og tengd starfsánægju kennara. Styrkir skiptu einnig máli en ekki sem beinn hvati. Greinilegt er að forgangsverkefni við úthlutun í Þróunarsjóði grunnskóla voru ekki hvati í nýbreytni- og þróunarstarfi. Ein meginhindrun var tíma-skortur og því næst fjárskortur enda kom í ljós að þeir skólar sem eru öflugir í nýbreytni- og þróunarstarfi þurftu að kaupa tíma af kennurum til þeirra starfa.

Þróunarverkefni í Garðaskóla í Garðabæ 2000–2001

Í verkefninu **Heildstæð móðurmálskennsla á unglingastigi** er varpað ljósi á hugmyndafræði heildstæðrar móðurmálskennslu (Whole Language Approach eða Whole Language Teaching) og niðurstöðurnar tengdar íslenskum aðstæðum. Efnid er ætlað kennurum á unglingastigi með það að markmiði að styrkja grunn heildstæðrar móðurmálskennslu. Því er einnig ætlað að auðvelda kennurum að nálgast kennslufræðilegar upplýsingar um hugmyndafræðina á aðgengilegan hátt á eigin móðurmáli. Í verkefninu er gerð grein fyrir rötum þessarar stefnu, meginhugmyndum hennar, kostum og göllum. Þá er bent á leiðir til að aðlaga hugmyndafræðina íslenskum aðstæðum, meðal annars með ýmiss konar kennsluhugmyndum.

http://www.menntamalaraduneyti.is/afgreidsla/sjodir-og-eydublod/Throunarsjodur_grunnskola/nr/225

B. 6. Hagnýting verkefna

Ef litið er á gagnsemi og innleiðingu þeirra verkefna sem þátttakendur unnu að má sjá að almennt þóttu þróunarverkefni vera gagnleg og vel gekk að innleiða þau í skólastarfið. Þegar spurt var um verkefni sem unnin voru á árunum 1998–2002 kom í ljós að velflest verkefni náðu að vera innleidd í skólastarfið (tafla B.10).


Sérstaklega var spurt um hvort forgangsverkefni úr Þróunarsjóði grunnskóla hefðu náð að festast í sessi í skólanum. Af þeim sem höfðu sótt um forgangsverkefni sögðu einungis tveir (af 24) að verkefni hefðu ekki náð að festast í sessi. Að lokum var spurt hvort innleiðing verkefna hefði verið tímabundin eða varanleg og

Tafla B.10. Innleiðing verkefna 1998–2003 í starf grunnskólans

	Hlutfall %	Fjöldi
Öll verkefni	67	35
Mörg eða flest verkefni	31	16
Nokkur verkefni	2	1
Ekkert verkefni	0	0
Alls	100%	52

hvort slík innleiðing hefði átt sér stað í einum bekk skólans eða á fleiri stöðum. Niðurstöður úr þessari spurningu má sjá á mynd B.9 þar sem skoðuð er innleiðing verkefna.

Mynd B.9. Innleiðing verkefna í grunnskólum sem unnin voru 1998–2002



Flest verkefni voru innleidd í almennt skólastarf. Meirihluti verkefnanna reyndist kominn til að vera, helst voru það verkefni sem innleidd voru í einum bekk sem höfðu einungis tímabundin áhrif.

Í viðtali við einn skólastjóra kom fram að meiri hættu væri á að verkefni þar sem frumkvæði kæmi „utan frá“ næðu ekki tilætluðum árangri innan skólans. Eitt dæmi um slíkt verkefni var þróun skólans á sjálfsmati eftir kerfi annars staðar frá. Einstaklingsverkefni sem sprottin voru af innri þörf í skipulagi skólans eða áhuga kennara náðu frekar að festast í sessi þótt sum vilji einangrast hjá einstökum kennurum. Einnig voru dæmi um að jafnvel þótt verkefni hefðu ekki skilað þeim árangri sem vænst var að öllu leyti hefðu þau engu að síður haft áhrif að vissu marki og jafnvel verið stefnumótandi í öðrum verkefnum. Dæmi var einnig um verkefni sem var orðið fastmótað í heildarstefnu og skipulagi skólans. Það verkefni hafði verið vandlega undirbúið og byggt á sameiginlegri sýn og samstarfi í skólasamfélaginu.

B. 7. Samantekt

Umtalsverðar breytingar hafa orðið á stjórnsýslulegu og félagslegu umhverfi grunnskólans á undanförunum áratug sem skólinn hefur þurft að bregðast við. Grunnskólalög, flutningur grunnskólans til sveitarfélaga, aðalnámskrá grunnskóla og kjarasamningar kennara, auk margvíslegra samfélagslegra breytinga hafa sett mark sitt á starfshætti grunnskólans og gert auknar kröfur um nýbreytni og þróun.

Hvatar

Sterkar vísbendingar eru um að starfsánægja eða persónulegur metnaður sé meginhvati til nýbreytni- og þróunarstarfs og að tími, fjármagn og símenntun séu mikilvægar forsendur fyrir öflugri þróunarstarfi en það getur einnig verið hindrun ef þessir þættir eru ekki fyrir hendi. Stuðningur og bjargir í nýbreytni- og þróunarstarfi í grunnskólum geta skipt sköpum, m.a. til að gefa sveigjanleika og aukin tækifæri til þróunar í skólastarfi.

Styrktarsjóðir eins og Þróunarsjóður grunnskóla og aðrir sjóðir gegna því mikilvægu hlutverki og nauðsynlegt er að huga að sem bestri nýtingu fjármagnsins á hverjum tíma og miðað við aðstæður.

Hindranir

Tímaskortur er ein meginhindrunin í nýbreytni- og þróunarstarfi í grunnskólum. Almennt vildu þeir kennarar og skólastjórar, sem þátt tóku í viðtalsrannsókninni, sjá breytingu á vinnutíma kennara í þá veru að meiri tíma sé varið í nýbreytni- og þróunarvinnu og að kennsluskylda sé minnkuð að sama skapi. Margir telja vinnutímaákvæði í kjarasamningum sem samþykktir voru 2001 hafa verið skref í rétta átt en það taki tíma að þróast og að skólar þurfi að átta sig betur á hvernig best megi nýta tíma og mannafla til að efla nýbreytni- og þróunarstarf í grunnskólum.

Kynningar

Ekki virtist vera rík hefð fyrir kynningum á verkefnum í rituðu formi, svo sem í fræðiritum og kennsluefni, en meira á óformlegan hátt innan skóla, á milli skóla og á málþingum og vefsíðum. Í viðtölum kom fram að efla þyrfti kynningar á nýbreytni- og þróunarverkefnum. Hugsanlega mætti skilgreina vissar kröfur í styrkveitingum um kynningu og miðlun á einhverjum grunni til að gera verkefni sýnilegri og skilvirkari fyrir skólasamfélagið.

Fjármögnun

Mikilvægt er að það fjármagn sem í boði er nýtist sem best og sé í takt við þróunarumhverfið hverju sinni. Rannsóknin gefur vísbendingar um að mikilvægt sé að styrkja innviði í nýbreytni- og þróunarstarfi í grunnskólum með því að skilgreina starfið með tilliti til hvata, tíma, styrkveitinga og upplýsingamiðlunar og nýta þær forsendur og tækifæri sem fyrir hendi eru. Hugsanlega hefur hvati verið vanmetinn í þessu samhengi.

Þróunarverkefni í Austurbæjarskóla 2001–2002

Mjög lítið námsefni er til um dans og danstónlist sem nota má í íslenskum grunnskólum ef frá er skilið efni um þjóðdansa og barnadansa. Aðstandendur þróunarverkefnisins **Dansmenntar** hafa reynt er að bæta úr brýnustu þörfinni og samið námsefni/lesefni um fjóra dansa, vals, tangó, sömbu og rúmbu. Lögð er rík áhersla á sögu og bakgrunn dansanna. Austurbæjarskóli er fjölmenningarlegur skóli sem leggur m.a. þá skyldu á herðar kennara að ekki sé gengið út frá einni menningu í kennslunni heldur fleiri menningarstraumum bæði í umhverfinu og samfélagi þjóðanna. Jafnframt er ætlast til að kennarar séu á varðbergi gagnvart fordómum og Evrópuhverfri umfjöllun. Höfundar efnisins telja að saga, bakgrunnur og inntak suður-amerískra dansa og tónlistar séu vel til þess fallin að auka vísýni og umburðarlyndi nemenda gagnvart menningarfyribærum ólíkra þjóða og sýni svo ekki verður um villst hvernig slík fyribæri geta nærst hvert á öðru og skapað nýja og hrífandi menningu.

http://www.menntamalaraduneyti.is/afgreidsla/sjodir-og-eydublod/Throunarsjodur_grunnskola/nr/234

Fylgiskjal C

Þróunarverkefni á framhaldsskólastigi

C. 1. Inngangur	187
C. 1. 1. Skólar á framhaldsskólastigi	
C. 1. 2. Þróunarsjóður framhaldsskóla	
C. 1. 3. Framkvæmd	
C. 2. Bakgrunnur	189
C. 3. Styrkir til þróunarverkefna í framhaldsskólum	190
C. 4. Kynning á verkefnum	192
C. 5. Hvatar og hindranir í þróunarstarfi	194
C. 6. Hagnýting verkefna	196
C. 7. Samantekt	199

Töflur

Tafla C.1. Þróunarsjóður framhaldsskóla 1997–2004	188
Tafla C.2. Forgangsattriði Þróunarsjóðs framhaldsskóla 1998–2004	188
Tafla C.3. Bakgrunnur svarenda í framhaldsskólum	189
Tafla C.4. Bakgrunnur framhaldsskóla	190
Tafla C.5. Þróunarverkefni í framhaldsskólum 1998–2003	191
Tafla C.6. Synjanir styrkumsókna í framhaldsskólum 1998–2003	191
Tafla C.7. Verkefni unnin í framhaldsskólum en ekki styrkt	191
Tafla C.8. Hvatar að nýbreytni- og þróunarverkefnum í framhaldsskólum	194
Tafla C.9. Hindranir við þátttöku í þróunarverkefnum í framhaldsskólum	195
Tafla C.10. Gagnsemi verkefna fyrir almennt skólastarf	197
Tafla C.11. Innleiðing verkefna í skólastarf	197

Myndir

Mynd C.1. Starfsfólk við kennslu í framhaldsskólum 2000–2003	187
Mynd C.2. Kynning þróunarverkefna innan framhaldsskólans	192
Mynd C.3. Kynning þróunarverkefna utan framhaldsskólans	193
Mynd C.4. Hvatar sem raðað var í fyrsta sæti í mikilvægisröð í framhaldsskólum	194
Mynd C.5. Hindranir í fyrsta sæti í mikilvægisröð í framhaldsskólum	194
Mynd C.6. Innleiðing verkefna sem unnin voru 1998–2003	197

Þróunarverkefni á framhaldsskólastigi

Höfundar:

Hildur B. Svavarsdóttir og Ingibjörg Kaldalóns

C. I. Inngangur


Í þessum kafla er fjallað um nýbreytni- og þróunarstarf í íslenskum framhaldsskólum. Niðurstöður byggjast á könnun sem náði til 18 framhaldsskóla en leitað var til styrkþega Þróunarsjóðs framhaldsskóla sem rekinn er af menntamálaráðuneytinu og til styrkþega Vonarsjóðs sem rekinn er af Kennarasambandi Íslands. Spurt var um þátttöku í nýbreytni- og þróunarstarfi, vinnulag við verkefni og kynningarmál. Einnig var skoðað hvaða þættir hvetja helst til eða hamla nýbreytni- og þróunarstarfi og hvernig hagnýting niðurstaðna á sér stað. Þróunarsjóður framhaldsskóla er langstærsti sjóðurinn á þessu skólastigi og bárust svör frá 17 af 18 styrkþegum þess sjóðs. Því er óhætt að segja að umfjöllunarefni skýrslunnar sé fyrst og fremst um viðhorf styrkþega Þróunarsjóðs framhaldsskóla.

C. 1. 1. Skólar á framhaldsskólastigi

Haustið 2004 voru starfandi 29 skólar á framhaldsskólastigi, 21 fjölbrautaskóli og átta menntaskólar.⁵⁷ Á landsbyggðinni voru staðsettir 13 af 21 framhaldsskólum en tveir af átta menntaskólum. Skráðum nemendum í framhaldsskólum hefur fjölgað síðustu ár og haustið 2004 voru skráðir 23.156 nemendur samkvæmt tölum Hagstofu Íslands.⁵⁸ Fjölgunin milli árána 2003 og 2004 var rúm 4%. Konur eru um það bil 53% nemenda en karlar 47%.

Starfsfólk í skólum á framhaldsskólastigi var skólaárið 2002–2003 tæplega 2.300 talsins; 54% konur og 46% karlar. Starfsfólk við kennslu var rúmlega 1.600 og þar voru karlar heldur fleiri eða 53% og konur 47%. Meiri munur var á hlutföllum karla og kvenna þegar fjöldi í stöðu skólameistara og aðstoðarskólameistara var skoðaður en af 36 skólameisturum voru 29 karlar (81%) og af 29 aðstoðarskólameisturum voru 22 karlar (76%).⁵⁹ Rúmlega fjórðungur þeirra sem starfa við kennslu í framhaldsskólum er án kennsluréttinda eins og fram kemur í mynd C.1.

Mynd C.1. Starfsfólk við kennslu í framhaldsskólum 2000–2003



⁵⁷ Notast er við flokkun Hagstofu Íslands þar sem nokkrir skólar sem bera heitið *menntaskóli* flokkast sem fjölbrautaskólar, t.d. Menntaskólinn í Kópavogi og Menntaskólinn á Ísafirði.

⁵⁸ Hagstofa Íslands (2004). Skólamál, í *Hagtíðindum*. <http://hagstofa.is>

⁵⁹ Starfsfólk í skólum á framhaldsskólastigi í mars 2003. Hagstofa Íslands.

C. 1. 2. Þróunarsjóður framhaldsskóla

Þróunarsjóður framhaldsskóla starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 80 frá 1996 en fyrst var úthlutað úr sjóðnum árið 1997.⁶⁰ Markmið hans er að stuðla að „tilraunum og nýbreytni í skipulagi náms, kennsluháttum, kennslu, námsgögnum, námsmati og mati á skólastarfi. Meðal annars verði lögð áhersla á að nýta kosti upplýsingatækni við nám og kennslu“. Mest hefur verið úthlutað rúmum 25 milljónum króna á einu ári og fjöldi samþykktra umsókna hefur verið frá 17 til 88 eins og sjá má í töflu C.1.

Tafla C.1. Þróunarsjóður framhaldsskóla 1997–2004

Umsóknarár	Fjöldi umsókna	Fjöldi samþykktra umsókna	Sótt um alls (millj. kr.)	Úthlutað alls (millj. kr.)
1997	58	17	60	13,5
1998	55	32	50	26,0
1999	69	48	57	21,3
2000	79	54	77	20,0
2001	109	88	77,4	25,1
2002	93	43	86	17,7
2003	62	37	-	14,9
2004	95	35	-	16,7

Árið 2001 sker sig nokkuð úr miðað við fjölda umsókna og upphæðir en það má skýra með því að þá fóru framhaldsskólar að starfa eftir nýrri námskrá þar sem meðal annars var stofnun almennrar brautar. Verkefni sem sneru að þróun almennrar námsbrautar voru sett í forgang auk þess sem ákveðið var að láta aukið fé renna til þeirra. Yfirlit um forgangsatriði má sjá í töflu C.2.

Tafla C.2. Forgangsatriði Þróunarsjóðs framhaldsskóla 1998–2004

Umsóknarár	Forgangsatriði
1998	Mat á skólastarfi; upplýsingatækni og margmiðlun í námi og kennslu
1999	Mat á skólastarfi; verkefni á sviði nýtingar upplýsingatækni í námi og kennslu
2000	Almenn námsbraut; þróun kennsluhátta á grunni sjálfsmats skóla, m.t.t. upplýsingatækni; fullorðinsfræðsla, t.d. almennt grunnnám fyrir fullorðna
2001	Nýir kennsluhættir og breytt starfsumhverfi, fjarkennsla og raungreinar; grunn- og framhaldsþróun almennrar námsbrautar
2002	Nýir kennsluhættir og breytt starfsumhverfi – nýting upplýsingatækni í námi og kennslu; Framhaldsþróun almennrar námsbrautar
2003	Jafnréttisfræðsla og þróun aðferða til að hafa áhrif á námsval nemenda til að vinna gegn hefðbundinni kynjaskiptingu á námsbrautum; almenn námsbraut m.t.t. grunnnáms fyrir fullorðna
2004	Kennsla á sviði starfsmenntunar; undirstöðufærni fullorðinna til náms

C. 1. 3. Framkvæmd

Spurningalisti

Gagna var aflað með spurningalistum annars vegar og viðtölum hins vegar. Gerð var póstkönnun í maí 2004 þar sem spurningalisti var sendur til þeirra framhaldsskóla sem höfðu fengið styrki úr Þróunarsjóði framhaldsskóla og Vonarsjóði. Þannig fengust upplýsingar um 27 styrkþega. Svör bárust samtals frá 18 skólum og jafn mörgum styrkþegum sem þýðir að svarhlutfall var 67%. Í spurningalistanum var, auk bakgrunnsupplýsinga, spurt um umfang og eðli nýbreytni- og þróunarstarfs í skólunum, kynningu og miðlun verkefna, vinnuferli og hagnýtingu verkefna.

⁶⁰ Upplýsingar fengnar af vef menntamálaráðuneytis, www.mrm.is. Sótt 15. janúar 2004.

Viðtöl

Til stuðnings niðurstöðum úr könnuninni voru tekin þrjú viðtöl við fjóra kennara sem höfðu reynslu af því að vinna verkefni með styrk frá Próunarsjóði framhaldsskóla. Verkefni hlutu styrk á tímabilinu 2000–2003. Við val á viðmælendum var annars vegar leitað ábendinga hjá menntamálaráðuneytinu og hins vegar haft uppi á aðilum sem kynntu verkefni sitt á málþingi RKHÍ í október 2004. Leitast var við að viðmælendur kæmu úr ólíkum skólum og hefðu unnið að ólíkum verkefnum. Eitt viðtal var tekið við kennara í iðnskóla sem hafði unnið verkefni tengt nýjum námsleiðum í hefðbundinni iðngrein, annað viðtal var við kennara í fjölbrautaskóla sem vann verkefni um nýja kennsluhætti og það þriðja var við tvo kennara í fjölbrautaskóla sem höfðu unnið að þróun og innleiðingu nýrrar kennslugreinar fyrir framhaldsskólanemendur. Viðmælendur voru tvær konur og tveir karlar og voru viðtölin tekin í nóvember 2004. Viðtölin, sem voru um 60 mínútna löng, voru tekin upp og afrituð.

Opinber gögn

Að lokum var stuðst við opinber gögn um úthlutanir Próunarsjóðs framhaldsskóla, aðallega af vef menntamálaráðuneytis.

C. 2. Bakgrunnur

Eins og áður sagði bárust svör frá 18 framhaldsskólum. Í 15 tilvikum hafði skólustjóri svarað listanum og aðstoðarskólustjóri, deildarstjóri og kennari höfðu svarað sínum listanum hver. Í töflu C.3 má sjá nánari upplýsingar um þá sem svöruðu fyrir hönd síns skóla.

Tafla C.3. Bakgrunnur svarenda í framhaldsskólum

	Hlutfall %	Fjöldi
Kyn		
Karlar	72	13
Konur	28	5
Aldur		
Yngri en 45 ára	6	1
46–55 ára	76	13
56 ára og eldri	18	3
Menntun		
B.Ed. eða uppeldis- og kennslufræði til kennsluréttinda	33	6
Lengra nám, t.d. M.A., M.Ed.	67	12
Starfsreynsla		
1–10 ár	22	4
11–20 ár	28	5
21–30 ár	39	7
31 ár eða lengri	11	2

Með starfsreynslu var átt við alla reynslu innan skóla, hvort sem unnið var sem leiðbeinandi, kennari, aðstoðarskólustjóri eða skólustjóri. Að meðaltali var starfsreynsla svarenda innan framhaldsskóla tæp 22 ár. Af þessum upplýsingum um bakgrunn svarenda má sjá að styrkþegar eru fjölbreyttur hópur fólks hvað varðar aldur og starfsreynslu. Ljóst er að menntunarstig svarenda er hátt og að mikill meirihluti svarenda er karlar.

Þeir skólar sem svarendur störfuðu við dreifðust um landið þannig að tæpur helmingur var á höfuðborgarsvæðinu, helmingur var í þéttbýli á landsbyggðinni og einn skóli var í dreifbýli. Töluverður munur var á stærð skólanna sem þátt tóku en eins og sést í töflu C.4 munaði t.d. 1890 á nemendafjölda. Fjölbreytt samsetning skóla ætti því að gefa fyrirheit um að niðurstöður þessarar skýrslu endurspegli viðhorf breiðs hóps úr íslenskum framhaldsskólum.

Tafla C.4. Bakgrunnur framhaldsskóla

Staðsetning skóla	Fjöldi (%)
Í dreifbýli	1 (6%)
Í þéttbýli úti á landi	9 (50%)
Höfuðborgarsvæði	8 (44%)
Aldur skóla	
Yngsti	16 ár
Elsti	122 ár
Meðaltal	32 ár
Fjöldi nemenda	
Fámennasti skólinn	100 nemendur
Fjölmennasti skólinn	1990 nemendur
Meðaltalsfjöldi	632 nemendur

Framvegismiðstöð um símenntun fékk styrk úr Þróunarsjóði framhaldsskóla árið 2003 fyrir verkefnið **Fjarnámsmenntasmíðja**. Markmiðið var að undirbúa ungt atvinnulaust fólk undir það að stunda fjarnám á framhaldsskólastigi. Kennð var almenn námstækni og námstækni fjarnáms, notkun fjarnáms-umhverfis og samskiptaleiðir í netnámi og leiðbeint um ritgerðaskrif og heimildanotkun. Einnig voru kynntar fjarnámsleiðir á framhaldsskóla- og háskólastigi.

C. 3. Styrkir til þróunarverkefna í framhaldsskólum

Í þessum kafla verður sagt frá þeim þróunarverkefnum sem unnið hefur verið að í framhaldsskólunum, á hvaða sviði verkefni eru, fjölda verkefna, aðgengi framhaldsskólanna að styrkjum og verkefni sem unnin hafa verið án þess að styrkir hafi fengist vegna þeirra. Einnig er komið inn á vinnulag í þróunar- og nýbreytnistarfi og frumkvæði að verkefnum.

Í framhaldsskólunum 18 fengust alls 138 styrkir til nýbreytni- og þróunarverkefna úr Þróunarsjóði framhaldsskóla á árunum 1998–2003 og 14 framhaldsstyrkir. Heldur fleiri umsóknir komu frá stærri framhaldsskólunum. Að meðaltali voru þetta átta styrkir á hvern skóla en það var hins vegar mjög mismunandi hve marga styrki skóli hafði hlotið því sá sem flesta styrki hlaut hafði fengið 24 styrki á þessu tímabili en sá skóli sem nefndi fæsta styrki hafði hlotið einn styrk.

Í töflu C.5 má sjá þau svið sem þróunarverkefni snertu. Til að mynda voru um 40% verkefna á sviði bóknaáms og 22% á sviði iðnnáms. Flest voru verkefni á sviði tölvu-, tækni- og hönnunargreina (14%) sem og skipulags starfs- og kennsluhátta (17%).

Í fæstum, eða þremur af 18 skólum, höfðu fengist styrkir úr fleiri en einum sjóði vegna verkefna sem unnin voru á tímabilinu 1998–2003. Synjanir styrkumsókna voru nokkuð algengar en verkefni í 15 af 18 skólum höfðu fengið slíka synjun (tafla C.6). Algengt var að einni umsókn hefði verið hafnað í hverjum skóla (50%), en þó voru dæmi um að yfir 10 styrkumsóknum hefði verið vísað frá (21%). Í stærri skólum eru oft sendar inn fjölmargar umsóknir á hverju ári svo þessar tölur komu ekki á óvart.

Tafla C.5. Þróunarverkefni í framhaldsskólum 1998–2003

	Hlutfall %	Fjöldi verkefna
Bóknám alls	38	52
Íslenska	3	4
Stærðfræði	3,5	5
Erlend tungumál	8	11
Náttúrufræði og raungreinar	9	12
Lífsleikni og samfélagsgreinar	8	11
Önnur bóknámssvið	6,5	9
Starfsnám og iðnnám alls	22	31
Tölvu-, tækni- og hönnunargreinar	14	19
Iðnnám (t.d. matvælagreinar, málmíðngreinar, fataiðngreinar)	4	6
Starfsnám (t.d. heilbrigðisgreinar, sjávarútvegsgreinar)	4	6
Ýmsar greinar alls	30	41
Skipulag starfs- og kennsluhátta	17	23
Sérkennsla	7	10
Aðrar greinar (t.d. félagsleg færni, fjölmening)	6	8
Önnur verkefni alls	10	14
Alls	100%	138

Tafla C.6. Synjanir styrkumsókna í framhaldsskólum 1998–2003

Hve oft fengið synjun	Hlutfall %	Fjöldi skóla
Einu sinni	50	7
2–5 sinnum	14	2
6–9 sinnum	14	2
10 sinnum eða oftár	22	3
Alls	100%	14
Meðaltal synjana:	5	

Styrkir reyndust þó ekki alltaf vera forsenda þess að unnið væri að nýbreytni- og þróunarverkefnum. Í 11 skólum hafði verið unnið að verkefnum án þess að styrkir hefðu fengist til þess; yfirleitt voru það um það bil fjögur verkefni sem svarandi þekkti til en dæmi voru um mun fleiri. Þetta má sjá nánar í töflu C.7.

Tafla C.7. Verkefni unnin í framhaldsskólum en ekki styrkt

Verkefni unnin án styrkveitinga	Hlutfall %	Fjöldi skóla
Tvisvar eða sjaldnar	27	3
3–5 sinnum	46	5
10 sinnum eða oftár	27	3
Alls	100%	11
Meðaltal unninna verkefna, óstyrktra	4	

Skólustjórar og kennarar áttu yfirleitt frumkvæði að verkefnum. Hugmyndir komu upphaflega frá skólustjóra í tæplega þriðjungu tilvika. Næst komu kennarar, bæði einir (26%) og tveir saman (20%). Hópur kennara átti í 16% tilvika frumkvæði að þróunarverkefnum en sjaldan (6%) kom frumkvæði frá öðrum. Skólustjórar hafa greinilega mikil áhrif á tilurð verkefna eins og viðmælendur sögðu: „Með nýjum skólameistara ... þá viðræði hann hugmyndir við allar brautir og vildi koma af stað hugarflæði um hvað við sæjum fyrir okkur í framtíðinni hvað varðaði okkar greinar og svoleiðis fór þetta að spinnast og við snerum okkur að þessu af fullum krafti.“ Einnig var stuðningur

þeirra við frumkvæði kennaranna mjög mikilvægur: „... það er allveg sama hvað mér hefur dottið í hug, hann hefur gripið allt á lofti ... vildi endilega styðja mig í því.“ Þrátt fyrir að fáir segðu að frumkvæði kæmi annars staðar frá þá mátti finna dæmi þar sem ýmislegt hafði ýtt af stað verkefnum: „... við vissum að það var í gangi eitthvað ... af alls konar fyrirspurnum sem við vorum að fá ... og svo breytingin á nemendunum sem eru að koma inn í skólann, það vakti okkur til umbugsunar og var undirstaða þess að við fórum af stað.“

Flest verkefni höfðu verið unnin innan skólans sem styrkinn hlaut; oftast í hópi kennara (36%), í samvinnu tveggja kennara (19%) eða sem einstaklingsverkefni (27%). Minna var um samvinnu utan skólans en þó voru 8% verkefnanna unnin með öðrum skólum, 6% í samvinnu við háskóla og 4% í samvinnu við aðra (t.d. fyrirtæki eða stofnanir). Þessar niðurstöður könnunarinnar fengu hljómgrunn í viðtölunum við kennarana þar sem þeir sögðust yfirleitt vinna einir eða í fámönnum hópum og lítið sækja til annarra. Þó voru dæmi um samstarf milli skóla, t.d. „Við fengum aðra handverkskennara frá öðrum skólum til þess að koma og spjalla við okkur og heyra hvernig þeirra viðhorf gagnvart brautinni hér í iðnskólanum væri ...“ og samstarf milli skólastiga: „Ég er á leið í Háskólann í Reykjavík og eins hef ég verið að kynna mér hvar þessi aðferð er notuð ... í grunnskólum og er að leita fyrir mér í leikskólum.“ Einnig voru sum verkefni unnin í samvinnu við stefnumótunaraðila í menntamálum, svo sem starfsgreinaráð. Kynningar á niðurstöðum verkefna leiddu oft til samstarfs en sjálf verkefnavinnan en nánar er sagt frá kynningum verkefna hér síðar.


Misjafnt var hvort þróunarstarfið var byggt á rannsóknum, sú var raunin í tæpum helmingi verkefnanna (44%) og voru það bæði íslenskar (42%) og erlendar (58%) rannsóknir. Einn viðmælenda nefndi að það væri takmarkað úrval rannsókna um nám og skólastarf hér á landi sem hægt væri að skoða. Hins vegar var það oft raunin að uppspretta verkefnanna var framhaldsnám eða símenntun kennaranna – þar komust þeir í kynni við nýjungar og tengdust fræðimönnum sem leiddu af sér hugmyndir að verkefnum: „Ég fékk orlof til þess að mennta mig ... og er í meistaranámi við HÍ ... hluti af því námi er m.a. nýsköpun og frumkvöðlafræðsla ... þar var ég að fara í gegnum mjög mikið af reyndar yfirleitt bandarískum rannsóknum.“

Af framansögðu um aðgengi að styrkjum má sjá að færri fá styrki en sækja um og höfðu því margir þurft að vinna tiltekin verkefni án þess að fá fjárhagslegan stuðning til þeirra. Algengt vinnulag við verkefni var samvinna innan skóla. Athygli vakti að af þeim verkefnum sem á annað borð byggðust á rannsóknum var oftast stuðst við erlendar en íslenskar rannsóknir. Tengsl við vísindasamfélagið voru einna helst til staðar ef hugmynd að verkefni kviknaði vegna framhaldsnáms viðkomandi kennara.

C. 4. Kynning á verkefnum

Kynning þróunarverkefna innan viðkomandi skóla fór oftast fram á kennarafundum, á almennum starfsmannafundum og á óformlegan hátt (t.d. í samtölum milli fólks). Á mynd C.2 má sjá hvernig kynning

Mynd C.2. Kynning þróunarverkefna innan framhaldsskólans



innan skólans fór fram, hlutfallstölur eru samtals 217 vegna þess að merkja mátti við allar þær kynningarleiðir sem við áttu.


Skólastjórar höfðu oft frumkvæði að kynningum (54%) innan skólans en það var þó einnig oft gert að frumkvæði kennara (39%). Kynningar á þróunarstarfi innan skólanna var á mjög ólíkum stigum. Til dæmis sagði einn kennari að: „*Þetta er mikið þannig að hver er í sínu horni, það gerist kannski einu sinni á ári að maður fer og skoðar hvað hinir eru að gera ... ekkert verið að diskútera starfið.*“ Viðmælendur úr hinum skólunum töldu hins vegar að mikill áhugi væri meðal samkennara á þróunarstarfi:

Við ákváðum strax í byrjun að þessi áfangi yrði algjörlega þverfaglegur ... við gáfum það svoltið út að við ætluðum að bera ábyrgð á þessu og vinna það sem þyrfti ... báðum um gott veður og opinn huga samstarfsfólks ... og ég held að svona kynning og þessi nálgun hafi skipt sköpum, ég er ekki viss um að ef við hefðum birst einn góðan veðurdag með þungar og miklar möppur og sagt að nú ættu allir að fara að hampa okkur í þessu verkefni að það hefði virkað eins.

Kynningar á skipulögðum kennarafundum mættu vera markvissari að mati eins viðmælanda: „... *reyna að hafa val, ekki láta alla hlusta, láta velja eftir áhuga, ekki hafa [kynningar] á kennarafundum á föstudögum þegar allir eru þreyttir og vilja komast heim.*“ Viðmælendur í verkefni þar sem unnið var að því að skapa nýjan áfanga í námi höfðu verið með markvissa kynningu gagnvart nemendum í formi veggspjalda og auglýsinga til að vekja athygli þeirra á þessu nýja námstilboði. Einnig fóru þeir þá leið að kynna umsjónarkennurum áfangann því verksvið þessara kennara er m.a. að aðstoða nemendur við val á námskeiðum.

Kynning á verkefnunum utan skólans fór fram á ýmsan hátt. Algengast var að notaðar væru vefsíður, svo kynningar í öðrum skólum og erindi á ráðstefnu. Nokkuð var um birtingar í tímaritum (fræðirit eða óritrýnd rit). Á mynd C.3 má sjá hvaða kynningarleiðir voru notaðar til kynningar utan skólans. Eins og á mynd C.2 eru hlutfallstölur samanlagt hærri en 100 vegna þess að merkja mátti við fleiri en eina kynningarleið.

Mynd C.3. Kynning þróunarverkefna utan framhaldsskólans




Kynningarsíður á Internetinu voru nokkuð algengar og virtust þjóna tilgangi sínum ágætlega: „*Ég er með þetta á netinu og geri mér vonir um að þetta komi kennurum og nemendum til góða ... þetta er búið að vera til síðan 2000 og er mjög þekkt, ég er búin að sjá að það er búið að vitna mikið í þetta.*“

Í heildina um kynningarmál má segja að krafa um kynningar sé ekki sterk, verkefnisstjórar geta að mestu ráðið því hvernig að kynningum er staðið. Innan skólanna voru kennara- eða starfsmannafundir algengasta leiðin til að kynna verkefnið en lítið um kynningar til foreldra. Utan skóla var birting á vefsíðu skólans algengasta kynningarleiðin og því næst kynningar á ráðstefnum og í öðrum skólum. Minna var um annað útgefið efni eða birtingar í ritum.

C. 5. Hvatar og hindranir í þróunarstarfi

Svarendur voru beðnir að raða í mikilvægisröð nokkrum þáttum sem snertu hvata til nýbreytni- og þróunarstarfs. Þá kom í ljós að eldmóður og drifkraftur einstakra kennara var oftast settur í fyrsta sæti eða í um helmingi tilvika. Á mynd C.4 má sjá sex hvata og röðun svarenda eftir mikilvægi þeirra. Myndin sýnir hlutfall svarenda sem settu þessa þætti í fyrsta sæti.

Mynd C.4. Hvatar sem raðað var í fyrsta sæti í mikilvægisröð í framhaldsskólum



Drifkraftur er greinilega mikilvægur í þróunarstarfi og því er mikilvægt að styðja við hann hjá kennurum. Styrkir skipta einnig miklu máli þótt þeir séu ekki helsti hvatinn eða uppspretta verkefna: „Ég hafði áhuga á lausnamidudu námi ... og vildi læra meira og í frambaldi af því sótti ég um þennan styrk.“ Einnig: „Það má segja að maður leggi ekki svona á sig ef ekkert er greitt fyrir það en þetta var fyrst og fremst áhugamál og hugur okkar beindist að þessu og svo athugar maður hvort það væri hægt að fá hjálp í þetta.“

Í töflu C.8 má svo sjá í hvaða sætum þessi fimm atriði lentu oftast í forgangs röðun svarenda.

Tafla C.8. Hvatar að nýbreytni- og þróunarverkefnum í framhaldsskólum

	Oftast í ...
Eldmóður og drifkraftur kennara	1. sæti
Styrkir	2. sæti
Hugsjón	2. og 3. sæti
Starfsánægja	4. sæti
Framhaldsnám eða símenntun	3. og 5. sæti
Auglýst forgangsverkefni	6. sæti


Framhaldsnám eða símenntun var nokkuð oft uppspretta hugmynda að nýbreytni- og þróunarverkefnum eins og nefnt var áður. Auglýst voru sérstök forgangsverkefni vegna úthlutana úr Þróunarsjóði framhaldsskóla 1998–2003. Af þeim 18 framhaldsskólum sem svöruðu þessari könnun höfðu styrkumsóknir á þessum sviðum komið frá 12 þeirra eða um 67%. Flestir, eða 73% svarenda, töldu að auglýst forgangsverkefni væru hvatning til að sækja um styrki en 13% töldu þau frekar fæla umsækjendur frá.

Stuðningur samstarfsfólks var mikilvægur hvati fyrir kennara, sérstaklega var stuðningur og áhugi skólustjóra mikilvægur. Sú hugmynd að þróunar- og nýbreytnistarfi væri partur af skólamenningu hlaut undirtektir: „Já, ég held það, skólafyrirvöld eru svo hvetjandi, þau styðja vel við bakið á manni og mikil samstada, manni er gefinn svólítið laus taumurinn og svo er hvatningin mjög mikil.“ Þegar viðmælendur voru spurðir hvað væri brýnast að gera til að hvetja kennara í framhaldsskólum til að sinna nýbreytni- og þróunarstarfi var t.d. nefnt að kynna mætti

betur og markvissar þá möguleika sem eru á styrkjum: „... að það komi meira út í skólana en að þetta sé ekki bara á pappírnum einhvers staðar og að þetta séu bara óljósar yfirlýsingar einhvers staðar ... þeir komi og kynni sér hlutina og stappi stálinu í fólk og hvetji.“ Einnig var nefnt að það vantaði skipulag/reglur um kennsluafslátt eða aðrar tilslakanir vegna þróunarvinnu.

Á sama hátt og í spurningunni um helstu hvata að nýbreytniverkefnum voru þátttakendur spurðir um helstu hindranir. Spurt var um fimm þætti sem raða átti í mikilvægisröð. Sem fyrr sýnir myndin hlutfall svarenda sem settu þessa þætti í fyrsta sæti (mynd C.5).

Mynd C.5. Hindranir í fyrsta sæti í mikilvægisröð í framhaldsskólum



Eins og sjá má á mynd C.5 var ónóg þjálfun sá þáttur sem aldrei var raðað í fyrsta sæti. Tímaskortur og fjárskortur voru hins vegar þau atriði sem þátttakendur töldu helstu hindranirnar í vegi fyrir þróunar- og nýbreytnistarfi. Þegar lítið er á töflu C.9 er greinilegt að þó að enginn hafi sett ónóga þjálfun í fyrsta sæti þá voru nokkuð margir samt sem áður sem töldu þennan þátt vera töluverða hindrun en um 45% settu hann í 3. sæti í mikilvægisröð.

Tafla C.9. Hindranir við þátttöku í þróunarverkefnum í framhaldsskólum

	Oftast í ...
Tímaskortur	1. sæti
Fjárskortur	1. og 2. sæti
Kjarasamningar	3. sæti
Áhugaleysi	4. sæti
Ónóg þjálfun	3. og 5. sæti

Annað sem nefnt var í viðtölum var einmanaleiki í fræðunum eða skortur á sérhæfðri aðstoð við verkefnavinnuna eins og einn viðmælandi sagði um helstu hindranir:

Tímaskortur hvað okkur varðar hefur mér helst fundist og líka vegna þess hversu sérhæft þetta er að maður hefur ekkert eða stað til að leita að aðstoð til að styðja sig við en við fórum eitthvað út en við getum ekki allar verið að hlaupa út og skoða kennslu annars staðar og það háði okkur því við vildum kynna okkur eitthvað sem var í svipuðum dúr ... Maður nær ekki að hitta annað fólk sem er að gera sömu hluti.

Í umfjöllun um helstu hvata hér að ofan kom fram að margir nefndu að það myndi hafa jákvæð áhrif ef kennsluafsláttur eða aðrar tilslakanir kæmu á móti þátttöku í þróunarstarfi. Þetta rímar ágætlega við þá niðurstöðu að tímaskortur sé ein helsta hindrunin. Engar reglur eða leiðbeiningar eru um hvernig meta á þátttöku í þróunarstarfi í tímaramma og virðist það vera undir hverjum skólalastjóra komið hvernig þetta er framkvæmt. Einn viðmælandi hafði hug á að gera rannsókn fyrir framhaldsstyrk úr Þróunarsjóði framhaldsskóla og hafði þetta að segja um tímann „... þá finnst mér að það eigi að koma til móts við kennara og hann [skólalastjóri]

er alveg til í það ... og hann studdi mig í því að sækja um til ráðuneytisins um kennsluafslátt. Mér datt í hug svona þrír tímar á viku.“ Allir viðmælendurnir töldu það nánast vera skilyrði fyrir þátttöku í þróunarstarfi að kennsluafsláttur væri veittur á móti:

Eitt af því sem að kannski dregur máttinn úr kennurum þegar kemur að þessu er þetta margfræga tímaleysi og kennsla er eins og allir vita sem hafa prófað það krefjandi vinna og þegar kemur að þróunarstarfi þá þarf að taka af aukaorkunni ef hún er til staðar og maður hefur heyrt á sumum kennurum að þeir vildu gjarnan fara út í svona verkefni en veigra sér við því m.a. af því það hleðst ofan á kennslu sem þeir hafa kannski yfirdrifna og þá efast ég um að þeir hafi orku og úthald til að sinna þessu vel. Maður ímyndar sér að t.d. væri það hvetjandi til svona starfa ef svona hlutir gætu gengið upp í kennsluskyldu eða eitthvað slíkt, þá værum við farin að tala um allt annað mál.

Af framansögðu er ljóst að eldmóður og drifkraftur einstakra kennara, starfsánægja og hugsjón eru mikilvægustu þættirnir sem hvetja til þátttöku í þróunarstarfi. Mikilvægt er að hlúa vel að starfsmönnum, efla áhuga þeirra og metnað fyrir hönd skólans sem þá hvetur til nýbreytni- og þróunarstarfs. Á hinn bóginn er það tímaskortur starfsmanna og fjárskortur sem eru helstu hindranir í nýbreytni- og þróunarstarfi. Margir skólar vinna að þróunarverkefnum þrátt fyrir að verkefni séu ekki styrkt. Þannig virðast styrkir til þróunar- og nýbreytniverkefna ekki vera eina forsenda nýsköpunar í skólum þótt þeir þyki mikilvægir.

Fjölbrautaskólinn við Ármúla fékk styrk úr Þróunarsjóði framhaldsskóla skólaárið 2003–2004, til að móta og vinna jafnréttisstefnu skólans. Verkefnið heitir **Jafnrétti í orði og á borði**. Til grundvallar eru þau gildi að mikilvægt sé að nýta til jafns þá auðlegð sem felst í menntun, reynslu, starfshæfni og viðhorfum kvenna og karla. Unnið er að virkri jafnréttisstefnu sem tekur til allra starfsmanna og ekki síður til allra nemenda skólans. Viðhorf starfsfólks og nemenda eru könnuð auk þess sem jafnréttisstefnur annarra skóla og stofnana eru skoðaðar. Meginmarkmiðið er að stefnan verði raunsæ og framkvæmanleg; með skýrum tímasettum markmiðum og eftirfylgni.

C. 6. Hagnýting verkefna

Hér verður að lokum fjallað um nýtingu fræða í skólastarfi um innleiðingu og gagnsemi þeirra þróunar- og nýbreytniverkefna sem skólarnir unnu að. Um það bil 33% svarenda töldu að rannsóknir á Íslandi almennt stuðluðu að litlu leyti að framförum í skólastarfi á Íslandi en 17% voru á öndverðum meiði. Helmingi fannst rannsóknir skila sér í meðallagi inn í skólastarfið hvað varðaði framfarir. Almennt töldu viðmælendur að skólastjórnendur væru meðvitaðir um að nýta niðurstöður rannsókna og þróunarverkefna til stefnumótunar en hins vegar réðu þeir oft ekki sjálfir þeim ferli: *„... við þurfum að fylgja lögum og þetta eru löggiltar iðngreinar og meðan að svo er þá getum við ekki gert neitt annað þó við vildum breyta og laga og þróa eitthvað ... þeir [menntamálaráðuneyti] eru með þessi plögg í höndunum og svo bara bíðum við ... Boltinn er hjá þeim.*“ Einnig var nefndur fjárskortur – að ekki væri til fjármagn til að innleiða verkefni í skólastarfið þrátt fyrir vilja og leyfi. Einn viðmælandi taldi þó að skólastjórnendur mættu gera meira af því að nýta niðurstöður rannsókna til stefnumótunar:

Hræddur um að það sé alltof lítið og þá ekki af því ég haldi að þeir vilji ekki nota rannsóknir heldur er aðbúnaður í framhaldsskólum þannig að það er alltaf verið að bjarga deginum. Að vísu er það þannig í þessum allra stærstu framhaldsskólunum að þá er gert ráð fyrir því að efsti og næstefsti stjórnandi sé í stefnumótun og slíkt en þá kemur það oftast þannig út að menn kunna ekki við að nýta t.d. stjórnunarkvóta og tíma sem er jafnvel tiltækur til þess að ráða aðstoðarfólk til að létta undir. Það er svona þessi íslenska hefð að þú gerir allt sem þarf að gera og það er ekki mikið svigrúm til að tengja saman rannsóknir og praktík því miður.

Vilji kennara sjálfra til þess að nýta rannsóknir og annað fræðastarf í kennslu er önnur leið til að stuðla að framförum og virtist nokkuð algengt: *„... mér finnst í raun og veru mikið af þessum kennurum hérna vera á mjög háu plani ... og kennarar hérna eru virkilega duglegir að fylgjast með nýjungum ... sérstaklega á þessum verklegu brautum.*“ Annar viðmælandi sagði: *„... það er áberandi hvað það eru margir í frambaldsnámi og það eru mjög*

marginir sem hafa tekið meistaraþróf núna ... og mér finnst fólk alltaf á námskeiðum og þar koma rannsóknir við sögu.“
Einn viðmælandi taldi að töluverðar breytingar á þessu hefðu átt sér stað undanfarið:

Þetta er mjög mismunandi en flestir tengja þetta sínu daglega starfi ... Þá eru flestir kennarar mjög vakandi fyrir rannsóknum bæði innan- og utanlands og eru áskrifendur að ýmsum vísindatímum þar sem fram koma nýjustu rannsóknir og reynum eftir megni að koma því inn og tengja við okkar efni. Ég held kannski að þetta sé svolítið að breytast, framhaldsskólakennarar vita að þeir verða að fylgjast betur með en fyrir 20–30 árum og eins hef ég á tilfinningunni að rannsóknirnar sem þeir eru að vinna séu oft svona tengdari hinu daglega lífi ... eins og í sálfræði, félagsfræði og slíkt að þá er verið að rannsaka áhættu hegðun unglinga, menntun nýbúa o.s.frv. og það er beinlínis relevant hjá okkur í dag.

Ef lítið er á gagnsemi og innleiðingu þeirra verkefna sem þátttakendur unnu að má sjá að hátt hlutfall svaraenda taldi að verkefni hefðu almennt séð gert mikið gagn fyrir skólastarf (tafla C.10).

Tafla C.10. Gagnsemi verkefna fyrir almennt skólastarf

	Hlutfall %	Fjöldi
Mjög mikil	29	5
Frekar mikil	65	11
Hvorki né	6	1
Alls	100%	17


Þegar spurt var um verkefni sem unnin voru á árunum 1998–2003 kom í ljós að velflest verkefni náðu að vera innleidd í skólastarfið að mati svarenda (tafla C.11).

Tafla C.11. Innleiðing verkefna í skólastarf

	Hlutfall %	Fjöldi
Öll verkefni	44	8
Mörg eða flest verkefni	28	5
Nokkur verkefni	22	4
Ekkert verkefni	6	1
Alls	100%	18

Spurt var sérstaklega um hvort verkefni sem fengu styrki á sviði auglýstra forgangsverkefna hefðu náð að festast í sessi í skólanum og var sú raunin í 73% tilvika.

Mynd C.6. Innleiðing verkefna sem unnin voru 1998–2003



Að lokum var spurt hvort innleiðing verkefna hefði verið tímabundin eða varanleg og hvort slík innleiðing hefði átt sér stað í einni deild skólans eða á fleiri stöðum. Niðurstöður úr þessari spurningu má sjá á mynd C.6 þar sem skoðuð er innleiðing 150 verkefna.

Flest verkefni voru innleidd í almennt skólastarf, eða 98 af 150. Meirihluti verkefnanna reyndist hafa komið til að vera, helst voru það verkefni sem innleidd voru á fleiri deildum sem höfðu einungis tíma- bundin áhrif. Einn viðmælandi vildi sjá betri vinnubrögð við innleiðingu verkefna:

Ég er ekki búinn að ná mér í langa reynslu hér en ég hef svolitlar efasemdir þ.e.a.s. mér finnst ég hafa séð of mörg verkefni sem eru góð og gegn en sem vantar þessa tengingu sem ég nefndi áðan með þennan daglega praxis. Þá meina ég að þegar unnið er svona hagnýtt þróunarverkefni í skólum þá finnst mér að það sé mjög mikilvægt að þeim ljúki með nánast leiðbeiningabæklingi eða mjög klárum leiðbeiningum fyrir þá sem hugsanlega gætu nýtt sér það, hvort sem við erum að tala um lesblindu, bættu námstækni eða annað. Það vill gerast að rannsakendur og nánasta samstarfsfólk eitt kann að meðhöndla niðurstöðurnar þannig að vel sé, mér finnst það mætti alla vega hugleiða það.

Stundum er innleiðing verkefna ekki á valdi kennaranna og skólans eingöngu. Einn viðmælandinn sagðist vera bundinn af námskrá og þeim áfangalýsingum sem þar er að finna og sagðist því þurfa að kenna eftir henni. „*Nei, við erum í raun algjörlega bundnar af námskrá eins og hún er og áfangalýsingum eins og þær eru ... við höfum ekki fengið einu sinni gult ljós þannig að það er mjög erfitt fyrir okkur að fara að stokka upp.*“ Aðspurður um varanlegar breytingar og bætt skólastarf vegna þróunar- og nýbreytniverkefna sagði einn viðmælandi:

Það er alltaf spurningarmerki, þess vegna spyr maður sjálfan sig sífellt hvort maður eigi að vera bara að breyta breytinganna vegna og hvaða tilgangi það þjónar. En maður horfir á það þannig að maður verði að opna fleiri nýjar leiðir nemendanna vegna þess að þjóðfélagið er að breytast. Við getum ekki staðið í stað endalaust og það er sú hvöt sem ýtir okkur áfram. ... Við erum búin að afla okkur víðtækrar menntunar á þessu sviði vegna þess að við erum að kenna það og getum gert allskonar breytingar og við sjáum fyrir okkur fullt af hlutum sem við vildum miðla til nemenda en höfum ekki komið í framkvæmd.

Svo virðist sem innleiðing verkefna í skólastarf byggist að miklu leyti á dugnaði og áhuga þeirra kennara sem leiða verkefnið við að vekja athygli á þeim og kynna þau: „*Bara vera óþreytandi að kynna þetta og láta það ekki hafa áhrif á sig þó að á móti blási og vekja athygli á upplýsingum sem hægt er að nálgast um þetta ...*“

Markvisst og vel undirbúið kynningarstarf var að mati tveggja viðmælenda forsenda þess að verkefni festust í sessi og að verkefni væru að mestu leyti tilbúin:

Ég hef þá skoðun og hún myndast af langri reynslu að þetta verður að vera maður á mann. Við urðum að fá að hitta kollega okkar, þeir urðu að fá að sjá framan í okkur og trúna því þegar við sögðum þeim að þetta væri gerlegt ... við myndum ekki senda pakkann niður í ráðuneyti og segja: „Vinsamlega bjóðið öllum þetta.“

Ég get haldið áfram með þetta og sagt að markmiðið hjá okkur er að tilraunakenna þetta aðra önn. Við erum búin að kenna þetta í eina önn ... og við erum að vona að ef við fáum hóp til að kenna eftir áramót þá munum við að því loknu vera með eitthvað í höndunum sem við getum jafnvel kynnt fyrir ráðuneytinu, fagfélögum, stéttarfélagum, skólum o.s.frv. Þá erum við í stakk búnir til þess að túra um landið eða hvernig sem það yrði en það er ekki komið að því og við ætlum að passa okkur að vera alveg tilbúin.

Af framansögðu er alveg ljóst að almennt þykja þau þróunarverkefni sem unnin eru í skólunum bæði gagnleg og hagnýt. Svo virðist sem vel gangi að innleiða verkefni í skólastarfið í heild. Eins og kom fram í kafla um kynningarmál og aftur í kafla um hagnýtingu verkefna þá ber að huga að þeim ábendingum um að hagnýting og áhrif verkefna fari að miklu leyti eftir eðli þeirra og hversu vel kynningarstarf heppnast. Einnig ber að huga að því að ytri þættir hafa líka áhrif á hagnýtingu, s.s. námskrá og stefnumótunaraðilar, en dæmi voru um að verkefni væru fullunnin en innleiðing væri ekki á valdi einstakra skóla.

C. 7. Samantekt

Hvatir

Hugmyndir að nýsköpun kvikna vegna framhaldsnáms, breytinga á námsframboði eða samsetningar nemendahópa, í samræðum við samstarfsfólk eða stefnumótunaraðila og þá er leitað styrkja vegna þessara hugmynda. Auglýst forgangsverkefni ná kannski ekki markmiðum sínum nema áhugi sé þegar fyrir hendi hjá þeim sem geta sótt í þau. Drifkraftur og hugmyndaauðgi kennara og skólastjórnenda ræður för þegar viðfangsefni er fundið. Eftirspurn eftir styrkjum er langt umfram framboðið og algengt að skólar þurfi að vinna að þróunarverkefnum án fjárhagslegs stuðnings.

Samstarf

Samvinna kennara var nokkur innan skóla og algengt að verkefni væru unnin í samvinnu tveggja eða fleiri. Minna var um samvinnu milli framhaldsskóla eða skóla á öðrum skólastigum. Innan við helmingur verkefna byggist á fyrri rannsóknnum og athygli vekur að af þeim verkefnum sem á annað borð byggjast á rannsóknum var oftast stuðst við erlendar en íslenskar rannsóknir. Tengsl við vísindasamfélagið voru helst til staðar ef hugmynd að verkefni kviknaði vegna framhaldsnáms viðkomandi kennara.

Hindranir

Tímaskortur vegna anna við kennslu og umsýslu henni tengda er sú hindrun sem oftast kemur í veg fyrir eða letur kennara í framhaldsskólum til að taka þátt í þróunar- og nýbreytnistarfi. Skólastjórar reyna að umbuna með yfirvinnu eða afslætti á kennslu en það er einstaklingsbundið og ekki allir á eitt sáttir um slíkt kerfi.

Hagnýting verkefna

Ljóst er að almennt þykja þau þróunarverkefni sem unnin eru í skólunum bæði gagnleg og hagnýt. Svo virðist sem vel gangi að innleiða verkefni í skólastarfið í heild. Hagnýting og áhrif verkefna fara að miklu leyti eftir eðli þeirra og hversu vel kynningarstarf heppnast. Krafa um kynningar er ekki sterk. Ytri þættir hafa líka áhrif á hagnýtingu, svo sem námskrá og stefnumótunaraðilar en dæmi voru um að verkefni væru fullunnin en innleiðing væri ekki á valdi einstakra skóla.

Kynningar

Huga mætti betur að því að skapa vettvang fyrir kynningu á verkefnum og kynna þær leiðir sem þegar eru til betur fyrir verkefnastjórum, svo sem regluleg málþing og ráðstefnur um menntamál. Það gæti einnig styrkt kennara í verkefnavinnunni en sumum þótti þessi vinna einmanaleg og vildu geta borið sig saman við aðra í svipuðum sporum. Skilgreindur aðgangur að fræðimönnum eða fræðilegri ráðgjöf er önnur slík hugmynd.